

Fuglalíf við sunnanverðan Hvalfjörð



Björn Hjaltason
September 2020

Um höfund

Björn Hjaltason er fæddur 1963, uppalin á Kiðafelli í Kjós og býr þar.
Hann hefur fylgst með fuglalífi í Kjós og nágrenni frá barnsaldri.

Ljósmyndir

Björgvin Sigurbergsson hefur tekið flestar myndir af fuglum í þessu riti og margt af þeim á svæðinu.
Hann er Kjósverji í húð og hár, ættaður frá Hækingsdal.

Jóhann Óli Hilmarsson vinur minn og fuglavísir hefur látið í té allnokkrar myndir sem upp á vantaði af tegundum.

Sigmundur Ásgeirsson á eina mynd.

Einar Ólafsson á eina mynd.

Höfundur á nokkrar myndir og hefur gert þau gröf sem greininni fylgja.

Forsíðumynd

Lómspar á tjörn á Búðasandi, margæsir fljúga til hafs
Björn Hjaltason

Rit þetta er unnið með styrk frá Kjósarhreppi.

Inngangur

Fuglar setja mikinn svip á umhverfi okkar og lífga upp á tilveruna með amstri sínu. Hver kannast ekki við þá ánægjutilfinningu sem fylgir því að heyra í fyrstu lóum á vorin eða sjá fyrstu maríuerluna flögra um hlaðið eða veröndina. Þeir eru þó mis áberandi eftir tegundum, sumar tegundir þekkir nánast hvert mannsbarn en aðrar eru lítt áberandi og því framandi fyrir flesta. Í þessu riti verður reynt að gera grein fyrir fuglalífi við sunnanverðan Hvalfjörð og stöðu hvernar tegundar innan svæðisins.

Mikilvægustu svæði fyrir fugla eru tilgreind og gerð grein fyrir þýðingu þeirra.

Svæðið

Svæðið sem hér verður fjallað um nær frá Blikdalsá í vestri, með suðurströnd Hvalfjarðar að Miðsandi í austri og landsvæði þar suður og austur af. Innan þessara marka fellur allur Kjósarhreppur, sneið af Kjalarnesi í vestri og Hvalfjarðarsveit í austri.



Kort af því svæði sunnan og austan Hvalfjarðar sem ritið fjallar um.

Tegundir

Alls hafa 120 tegundir fugla verið skráðar á svæðinu, þar af eru 54 tegundir reglulegir varpfuglar þó ekki sé víst að þær verpi allar árlega. Fimm tegundir til viðbótar hafa orpið a.m.k. einu sinni en geta vart talist til varpfugla. Nítján tegundir eru hér umferðarfuglar eða vetrargestir og 42 tegundir flækingar. Skilin milli þessara flokka eru ekki alltaf glögg. Stór hluti flækingana er skráður við Kiðafell. Það er ekki svo að þar sé meira um flækinga en annarstaðar á svæðinu heldur er þeirra leitað þar sérstaklega og vökult auga fuglaskoðarans ávalt til staðar. Gerð er grein fyrir öllum tegundunum í tegundalista.

Mikilvæg svæði fyrir fugla

Laxárvogur og Hvalfjarðareyri. Laxárvogur er talinn einn lífríkasti vogur við sunnanverðan Faxaflóa. Leirur með fjölbreyttu lífríki koma í ljós á stórstreymisfjöru þar sem sandmaðkur (*Arenicola marina*) er ríkjandi og mikið er af samlokum svo sem hallloku (*Macoma calcaria*) og krækling (*Mytilus edulis*). Leiruskeri (*Hediste diversicolor*), burstaormar (*Polychaeta*) og pípuormurinn lónapreifill (*Pygospio elegans*) finnast einnig í miklu magni auk aragrúa annarra tegunda.¹²¹ Mikill fjöldi fugla sækir í voginn, einkum um fartímann. Tjaldar sjást þar allan ársins hring og oft í hundruða tali. Á vorin sækja þangað flestar tegundir vaðfugla, ekki síst rauðbrystingar sem fara þar um í þúsunda tali. Æðarfugl nýtir voginn mikið allt árið en einkum á haustin. Fjöldi þeirra getur þá numið allt að 7-8000. Stokkendur og rauðhöfðaendur eru þar yfir vetrarmánuðina og hefur fjölgað mikið í þeim hópum á síðustu árum.

Hvalfjarðareyrin er einnig mikilvægur viðkomustaður fugla, einkum á vorin. Þar safnast fuglar gjarnan saman í þúsundatali í flóðsetur meðan leirur eru ekki tiltækar á háflæði.

Laxárvogur og Hvalfjarðareyri eru á náttúruminjaskrá og flokkuð sem IBA svæði sem telst alþjóðlega mikilvægt fyrir fugla.



Vorkvöld í Hvammsvík.

Björn Hjaltason

Brynjudals- og Botnsvogur. Vogarnir voru kunnir fyrir mikið fuglalíf á árum áður¹²³ en því hrakaði mjög á kalda tímabilinu frá 1965 til 1990 þegar ís lá þar oft yfir á veturna og olli skaða á botndýralífi. Mjög hefur lifnað yfir lífríki voganna á síðustu árum með mildari vetrum og safnast þangað nú mikill fjöldi fugla. Í vogunum er mikið af kræklingi, sandmaðki og risaskera (*Nereis virens*) auk annarra botndýra.

Æðarfuglar eru áberandi eins og hvarvetna þar sem auðug kræklingamið eru. Kollur með unga halda sig mikið í vogunum. Á haustin og yfir veturinn er nú mikið af stokkönd og rauðhöfðaönd en svo mun einnig hafa verið fyrir 1965. Í Brynjudalsvogi er tjaldurinn sérlega áberandi allt árið og flestir vaðfuglar sækja í báða vogana á fartíma en lóuprælar sækja áberandi mikið í Botnsvog. Stelkar sjást í Brynjudalsvogi flesta vetur. Á haustin er jafnan mikið af stormmáf og hettumáf í vogunum sem og nokkuð af stærri máfum. Gríðarlegur fjöldi máfa safnast þar saman þegar risaskerinn veður um mánaðarmótin maí-júní.

Miðsandur hefur nokkra sérstöðu varðandi fugla vegna umsvifa mannsins þar. Herinn hafði þar bækistöðvar og hvalstöðin var reist þar 1948. Þar var því drjúg uppspretta fæðu, einkanlega fyrir máfa sem sóttu á sorphauga hersins og máfar og fýlar sóttu í æti sem til féll frá hvalstöðinni.⁹³ Nú eru báðar þessar fæðuuppsprettur fyrir bí en oft er þó mikið af fugli á svæðinu enda auðug kræklingamið fyrir landi og áberandi hve máfar safnast þar mikið saman til setu á sandinum.

Allir vogarnir eru mjög mikilvægir fyrir fugla og e.t.v. ekki síst fyrir umferðarfugla sem fara hér um á leið sinni til norðlægar varpstöðva eins og rauðbristing, lóupræll, sanderlu, sandlóu og margæs. Milt veðurfar síðustu ára virðist hafa aukið framlegð þessara svæða en ef svo fram heldur og spár gera ráð fyrir um hækkandi sjávarstöðu verða þessar mikilvægu leirur fyrstar til að hverfa og það mun

kippa fótunum undan farflugi þessara tegunda og rýra verulega afkomu okkar fuglasofna, vorboðana ljúfu.



Inanverður Hvalfjörður. Miðsandur, Geirshólmur, Þyrill og Þyrilsnes.

Björn Hjaltason

Hurðarbakssef er án efa mikilvægasta votlendið á svæðinu fyrir fjölmargar tegundir. Endur og vaðfuglar sækja þangað í miklu mæli snemma á vorin. Álfir, stökkendur, rauðhöfðar, urtendur og skúfendur verpa við sefið og ala þar upp unga sína eins og flórgoðinn. Lómur hefur einnig orpið þar og hettumáfar. Stórir hópar jaðraka sjást í mýrum við sefið á vorin og þar




*Laxá hlikkjast til sjávar í Laxárvog. Hurðarbakssef til vinstri við skuggann af Meðalfelli.
Einar Ólafsson*

er helst að finna óðinshana sem annars er orðin sjaldgæfur á svæðinu. Ekkert annað votlendi dregur að sér eins mikið af fugli og listi yfir tegundir sem hafa sést þar er langur. Nokkur önnur votlendi eru í Laxárdal sem einnig eru mikilvæg fyrir fugla s.s. Valdastaðasef og Laxáin sjálf. Hurðarbakssef liggur

mjög lágt og því illræsanlegt og hefur það bjargað því en vissulega hefur framræsla verið reynd. Túnræktun er mikil umhverfis það og hefur verið þrengt að hentugum varpstöðum fyrir endur. Austur af því er enn ósnert skák með víðirunnum sem vert er að friða.

Meðalfellsvatn er eina stöðuvatnið á svæðinu á láglandi. Það er talið mjög lífauðugt hvort sem um gróður, smádýr eða fiska er að ræða.¹²⁴ Þar er einnig drjúgt af fugli ef að er gáð. Hólminn er kjörin varpstaður fyrir andfugla og máfa og á árum áður urpu þar álf og himbrimi. Á síðari árum hafa fuglar orðið fyrir miklu ónæði af umferð mótorbáta og vatnapota? og veiðimenn hafa jafnvel dvalið í hólmanum tímum saman við fiskveiðar. Himbrimar verpa ekki lengur í hólmanum heldur hafa flutt sig upp á fastalandið og æ oftast kemur fyrir að þeir komi ekki upp ungum. Álfir reyna sjaldnast varp við vatnið lengur. Flórgoðar hófu varp við austanvert vatnið á síðustu árum og sést hefur til skúfanda með unga. Um fartímann á vorin sjást þar iðulega nokkur duggandarpör og gulendur. Toppöndin er algeng og 2-3 kollur sjást með unga síðsumars. Dílaskarfar sást alloft á vatninu, einkum á veturna. Fýlar sem verpa í klettum umhverfis sitja gjarnan á vatninu í hópum.

Bugða fellur úr Meðalfellsvatni og lætur ekki mikið yfir sér. Efsti hluti hannar að ármótum við Dælísá er þó einhver mikilvægasti framleiðandi fæðu fyrir bæði fisk og fugl. Þar eru uppelisstöðvar bitmýsins og rykmýstegunda sem eru undirstaða lífríkis að mörgu leiti. Straumendur safnast saman á Bugðu



Flórgoðar með hreiður á Meðalfellsvatni

Björn Hjaltason

snemma á vorin en bitmýslirfur eru þeirra aðalfæða. Þegar mýið púpar sig halda þær með ánum inn til dala til að verpa. Á haustin koma þær aftur að útfallinu með ungana. Þegar mýið klekst um miðjan maí er mikið líf við Bugðu. Fjöldi fugla safnast þar saman til að til að taka þátt í veislunni. Hettumáfar, kríur og margar tegundir vaðfugla og spörfugla. Þar má t.d. sjá tildrur og sendlinga spígspora um

bakkana. Efsti hluti Bugðu leggur aldrei og er því kærkomin áfangastaður fyrir ýmsar andategundir á veturna.



Bitmýslirfur á steini af botni Bugðu

Björn Hjaltason

Um heimildir

Mjög lítið er til af rituðum heimildum um fugla á svæðinu frá fyrri tíð. Danski fræðimaðurinn Frederick Faber fór hér um 1820 og skráði hjá sér sitthvað um fugla en flest af þeim er óaðgengilegt. Annar fuglafróður Dani, Richard Hørring fór hér um 1905 og 1906 og er athuganna hans allvíða getið í þessu riti. Í dagbókum Finns Guðmundssonar fuglafræðings má finna lítilræði um fugla frá því um miðja síðustu öld og Friðrik Sigurbjörnsson hélt dagbækur yfir fugla á Kiðafelli um 1940. Þær glötuðust þó flestar í eldsvoða. Agnar Ingólfsson vann í Hvalfirði að rannsóknum sínum á fæðuvenjum máfa 1964 - '65. Það er svo um og upp úr 1970 sem vænkast fer kosturinn. Enskur leiðangur fuglafræðinga frá Cambridge er hér við rannsóknir á vaðfuglum 1970 og '71 og á svipuðum tíma gerir Líffræðistofnun Háskólans ítarlegar rannsóknir á lífríki voga í Hvalfirði vegna fyrirætlunar Vegagerðarinnar um þverun þeirra. Vetrarfuglatalningar Náttúrufræðistofnunar fara fram árlega um áramót. Tvö talningarsvæði ná yfir það svæði sem hér eru til umfjöllunar, það eru svæði 25A (Saurbær – Botnsvogur) og 25D (Botnsvogur-Miðsandur) og eru þær talningar birtar í gröfum í riti þessu þar sem við á. Eigin dagbækur eru frá 1977 og fram á þennan dag. Margir vinir, lærðir og leikir hafa ljáð dagbókarfærslur sínar frá síðustu árum og síðast en ekki síst hafa sveitungar verið drjúgir að miðla til mín upplýsingum um fugla í dagsins önn. Reynt er að vísa í birtar heimildir ef kostur er. Númer í texta vísa til heimilda sem eru í heimildaskrá aftast í ritinu.

Tegundaskrá

Lóm (*Gavia stellata*)

má finna á Hvalfirði allan ársins hring en hann er þó mest áberandi um fartíma, vor og haust. Sjaldnast eru þetta þó fleiri en tveir tugir fugla.¹ Fyrsta skráða heimild er frá R. Hørring sem fór hér um 1905 og 1906. Hann sá þá einn fugl á Hvalfirði um haustið 1906.² Hann var til skamms tíma sjaldgæfur varpfugl hér um slóðir en um og eftir síðustu aldamót hefur honum fjölgað. Árið 1998 var varp þeirra fyrst staðfest á svæðinu en það ár fundust tvö hreiður með eggjum, annað við tjörn á Múlafjalli en hitt við Grjótártjarnir á Dagmálafjalli upp af Grindargili í




Lómur

Björgvin Sigurbergsson

Kjósarskarði.³ Einn fugl hafði sést á Grindargilstjörn 1988 en varp var ekki staðfest.⁴ Lómar verpa stundum við tjarnir á Botnsheiði en hafa auk þess sést á Hvalvatni, Myrkavatni og Sandvatni án þess að varp hafi verið staðfest.⁵ ⁶ Árið 2010 fannst lómur með unga á Meðalfellsvatni⁷ ⁸ en það mun vera fátítt að lómur og himbrimi deili með sér vatni. Ekki er vitað til að þeir hafi orpið aftur við Meðalfellsvatn þó þeir hafi sést þar á síðari árum en vorið 2011 varp þar við Hurðarbakssef í Laxárdal og kom upp einum unga³ og í ágúst það sama ár sást einn fugl á tjörn efst á Eyrarfjalli en ekki var gengið úr skugga um hvort þar hafi verið varp.⁹ Lómar hafa sést á Hurðarbakssefi flest ár síðan 2011 og reynt þar varp með rýrum árangri. Misferst varpið þar einkum vegna vorflóða.

Himbrimi (*Gavia immer*)

hefur orpið við Meðalfellsvatn lengur en elstu menn muna. Danski fuglafræðingurinn R. Hørring kom að Meðalfellsvatni í ágúst 1905 og sá þá eitt par með unga á vatninu og höfðu þeir orpið í hólmanum þá um sumarið. Hann hefur eftir bándanum að þrjú pör verpi við vatnið, (bóndinn hefur þá verið Eggert Finnsson en fullyrðinguna um að þrjú pör verpi við vatnið verður að draga í efa). Hørring var aftur á ferð í júní 1906 og sá þá þrjá himbrima á vatninu.² Á síðustu áratugum hefur aðeins eitt par orpið við Meðalfellsvatn, þó stundum



Himbrimi

Björgvin Sigurbergsson

megi sjá fleiri fugla á vatninu. Fuglarnir urpu einatt í hólmanum en vegna ónæðis hafa þeir fært hreiður sitt upp á fastalandið en virðast þó ekki koma upp ungum árlega.³ Á Meðalfellsvatni hafa þeir verið

skráðir á tímabilinu frá 13. apríl til 19. október.³ Himbrimar hafa nokkrum sinnum sést á varptíma á Sandvatni inn af Brynjudal⁵ og í júlí 2010 var þar einn fullorðinn fugl með tvo unga.³ Himbrimar hafa einnig sést á Hvalvatni á varptíma en ekki hefur varp verið staðfest.⁵ Himbrimar sjást iðulega á Hvalfirði að vetrarlagi og einstaka sinnum á sumrin.³

Flórigoði (*Podiceps auritus*)

Lengi vel var Eyjatjörn eini varpstaður flórigoða á svæðinu. Danski fræðimaðurinn Fredrick Faber kom að Eyjatjörn 1820 og sá þar flórigoða með unga.¹⁰ Richard Hørring kom einnig að Eyjatjörn 1905 og 1906 og áætlaði hann að 7-8 pör yrpu þar.² Urpu þeir við tjörnina allt fram á miðjan níunda áratug síðustu aldar er varp lagðist þar af³ en á þeim tíma varð mikil fækkun í stofninum á landsvísu.¹¹ Auk þess má benda á að mikið af jarðefnum barst í tjörnina frá skurðum sem grafnir höfðu verið í hlíð sunnan við hana og e.t.v. orðið til þess að fuglarnir færðu sig um set. Um það leiti sem varp lagðist af við Eyjatjörn dúkkuðu fuglar upp á Hurðarbakssefi í Laxárdal (1985) en ekki hafði þeirra orðið vart þar fyrr.³ Í fyrstu urpu þar 1-2 pör en stofninn rétti úr kútnum upp úr síðustu aldamótum¹¹ og þegar best lét urpu allt að 6 pör við sefið. Fuglar fóru einnig að sjást á Káranessefi sem er þar skammt frá og ekki er útilokað að eitt þar hafi orpið þar um tíma.³ Árið 2011 fór að verða vart við flórigoða á Meðalfellsvatni og fljótlega var varp staðfest þar. Verpa nú 2-3 pör við austanvert vatnið.³

Það var svo árið 2014 að flórigoðar sáust á ný á Eyjatjörn og varp var staðfest¹² og hafa þeir sést þar síðan. Heildarfjöldi varppara í Kjós er þó varla meiri en 7-8 pör árið 2019.

Á svæðinu hafa flórigoðar verið skráðir á ferskvatni frá 5. apríl til 16. október.³



Flórigoðapar á hreiðri með unga.

Björgvin Sigurbergsson

Hvalfjörðurinn er einn af fáum þekktum vetrarstöðvum flórigoða hér við land og líklega einn sá mikilvægasti en fjöldi þeirra á innanverðum firðinum getur numið mörgum tugum og stundum um eða yfir hundrað fuglum.⁹⁰ Flestir sjást þá á svæðinu frá Hvammsvík að mynni Botnsvogar en gjarnan er fjöldinn mestur sunnanundir Þyrilsnesinu.¹³ Mikil áraskipti eru þó á fjölda fugla.

Sefgoði (*Podiceps grisegena*)

er sjaldgæfur flækingur hér á landi frá Evrópu. Tveir fuglar sáust á Hvammsvík þann 27. desember 1998¹⁴ og einn sást á innanverðum Hvalfirði dagana 1.-5. janúar 2007.⁴⁷



Sefgoði

Björgvin Sigurbergsson

Fýllinn (*Fulmarus glacialis*)

er mjög algengur varpfugl við Hvalfjörð þótt tilvist hans hér eigi sér ekki ýkja langa sögu. Líklegt er að þeir hafi byrjað að verpa á svæðinu um eða upp úr 1930¹⁵ og vitað er að þeir voru farnir að verpa við Kiðafell fyrir 1940.¹⁶

Dagana 20.-21. apríl 1937 fer Finnur Guðmundsson

fuglafræðingur í bátsferð um Hvalfjörð og segir fýllinn vera algengan.¹⁷ Á árunum milli 1940-’50 fjölgaði varpfuglum hratt sem lögðu undir sig varpstaði nærst firðinum og í júní 1949 fundust 30-40 pör verpandi í Glymsgljúfri í Botnsdal.¹⁵ Í júní árið



1970 voru varppör í Fýll

Björgvin Sigurbergsson

gljúfrinu komin vel yfir 1000.¹⁸ Síðari tíma talningar hafa gefið svipaðar niðurstöður.^{3 19} Það virðist því sem gilið hafi þegar verið fullsetið árið 1970. Í Glymsgljúfri er stærsta fýlabyggð á svæðinu en fýlar verpa vítt og breitt um svæðið í smærri byggðum. Vitað er að fýlar hófu að verpa við Stíflisdal 1981⁵ en 1980 voru þeir þegar farnir að verpa í Kjósarskarði við Grindargil. Í júní það ár voru þar taldir 33 fuglar á ætluðum hreiðrum²⁰ en í júlí 1990 voru þeir orðnir 100.³ Það er því ljóst að fýllinn hefur verið að nema ný lönd á svæðinu langt fram eftir síðustu öld og eru e.t.v. enn. Þegar ref fjölgaði á níunda áratug síðustu aldar hafði það mikil áhrif á varpið og tók fyrir varp hans á aðgengilegum stöðum. Í nýlega birtri grein²¹ þar sem reynt er að leggja mat á heildarfjölda fýla á Íslandi, er fjöldinn á svæðinu frá Tíðarskarði að Miðsandi áætlaður 8871 varppör. Þær talningar fóru fram á árunum 2010 – ’15.

Óvíða verpur fyll í eins miklum fjölda innfjarðar eins og í Hvalfirði og hafa menn leitt að því getur að það stafi af rekstri hvalstöðvarinnar að Miðsandi sem reist var þar 1948 og starfaði til 1989. Þangað sóttu fýlar mjög í æti meðan á vertíð stóð. Ekki virðist þó hafa dregið úr varpi þeirra þótt hvalveiðum hafi verið hætt.

Fýlar fara að vitja varpstöðvana við Kiðafell strax í janúar ef hlýndiskafla gerir en fara þó ekki að setjast upp að ráði fyrr en í mars.³ Framar í sveitinni s.s. við Hlíðarás inn undir Kjósarskarði eru þeir um mánuði seinni á ferðinni.⁶ Frá því í október og fram í janúar er fátítt að sjá þá í Hvalfirði.

Súlan (*Morus bassanus*)

er heldur fátíður gestur á Hvalfirði. Það er einkum snemma vors, í apríl og maí, sem þeirra verður vart þegar vestlægar áttir eru ríkjandi og þung alda stendur inn fjörðinn.³ Fyrir utan fyrrgreinda mánuði hafa súlur einu sinni verið skráðar í júlí (1990) og í september (2019).³ Í þau skipti voru greinilega miklar fiskigöngur í firðinum. Oflast eru þetta fáeinir fuglar en þann 13. apríl 2014 sáust 2-300 fuglar. Sjaldnast sjást þær innar á firðinum enn að Hvalfjarðareyri en dæmi eru þess að fuglar hafi sést allt innundir Hvamm.



Súla

©2014 Björgvin Sigurbergsson
Björgvin Sigurbergsson

Dílaskarfur (*Phalacrocorax carbo*)

er algengur á Hvalfirði og sést þar árið um kring. Mest er af honum yfir haust og vetrarmánuðina en sjaldnast eru þetta þó fleiri en 50 fuglar.¹ Hann verpur hér hvergi og að sumrinu sjást aðeins ungfuglar. Helstu staðir þar sem dílaskarfar sitja uppi eru Geirshólmi, Selsker í Hvammsvík og Melahólmi.^{3 22}

Mjög hefur færst í vöxt á síðustu árum að dílaskarfar leiti upp á ár



Dílaskarfur

© Björgvin Sigurbergsson 2011
Björgvin Sigurbergsson

og vötn. Fyrsta skráða tilvik er frá 1989, þann 29. september fannst einn fugl við Meðalfellsvatn.³ Nú má heita að fuglar sjáist árlega á Laxá, Bugðu eða Meðalfellsvatni.^{3 6 23 24}. Oftast eru þetta stakir fuglar eða fáir saman en svo bar við veturinn 2016-17 sáust allt að 30 fuglar á Meðalfellsvatni og margir víða um Laxá allt uppundir Kjósarskarð.

Toppskarfur (*Phalacrocorax aristotelis*)

sést frekar sjaldan inn á Hvalfirði en þó stundum að vetrarlagi. Mestur fjöldi sem skráður hefur verið sást í Botnsvogi í desember 2019, um 40 fuglar. Hann er algengur í fjarðarmynninu við Saurbæ á Kjalarnesi.¹ Hann verpur lítilsháttar í Andríðsey.²⁵ Þrjú hreiður voru þar í júní 2010.³



Toppskarfur

Björgvin Sigurbergsson

Bjarthegri (*Egretta garzetta*)

er fremur sjaldgæfur flækingur hér á landi en hefur sést í auknu mæli á síðustu árum. Einn fugl sást við Eyjatjörn 7.-9. júlí 2013.^{3 45}

Fleiri tilkynningar um hvíta hegra hafa borist höfundu í gegnum tíðina án þess að örugg greining hafi fylgt en nokkrar tegundir geta komið til greina.



Bjarthegri við Eyjatjörn 7. júlí 2013

Björgvin Sigurbergsson

Gráhegri (*Ardea cinerea*)

Fyrsta skráða heimild um gráhegra á svæðinu er frá 1982 en það ár sáust tveir við Hurðarbakssef í október.²⁶ Það má þó ætla að gráhegrar hafi dúkkað hér upp áður eins og annarstaðar en hann er algengur haustflækingur eða vetrargestur hér á landi. Má svo heita að gráhegrar sjáist nú árlega á svæðinu. Langflestir hafa sést við Hurðarbakssef eða annarstaðar í Laxárdal en einnig hafa fuglar sést við Meðalfellsvatn, Eyjatjörn og í Brynjudal.^{3 23 27 28 29 30 31 32 71}




Gráhegri

Björgvin Sigurbergsson

Svartsvanur (*Cygnus atratus*)

Þann 25. September 2008 sást svartur svanur á flugi með álftum við Laxá í Kjós.³⁴ Nokkru áður hafði frést af svörtum svani við Brautarholt á Kjalarnesi.³⁵ Þann 17. maí 2011 var einn með álftum á túni við Fell í Kjós.³



Svartsvanir

Jóhann Óli Hilmarsson

Dvergsvanur (*Cygnus columbianus*)

hefur einu sinni sést í Kjós en það var daganna 9.-11. maí 1987. Var það ársgamall fugl með álfum á túni við Neðra-Háls.³³ Dvergsvanurinn er nauðalíkur álfur en þó nokkuð smærri.

Álfur (*Cygnus cygnus*)

Álftir eru nú algengar við sunnanverðan Hvalfjörð en Hørring gat þeirra aðeins frá Meðalfellsvatni og Eyjatjörn 1905 og 1906.² Um 1970 urpu 2-3 pör í Laxárdal³⁶ en upp úr því fór álfum fjölgandi.

Í Laxárdal, milli Meðalfells og Reynivallaháls er höfuðvígi álfta á svæðinu. Þar verpa nú 7-9 pör, meðfram Laxá



Álfur með unga.

Björgvin Sigurbergsson

og við Hurðarbakssef. Varp álfta er þar óvenju þétt en spillist oft vegna vorflóða. Þann 14. maí 1989 voru þrjú pör með hreiður við Hurðarbakssef en miklir vatnavextir urðu um 20. maí og voru þann 22. öll hreiðrin á kafi í vatni sem og flest önnur hreiður í dalnum. Þann 19. júní voru 2 pör með hreiður en það mun vera mjög óvanalegt að álftir verpi aftur eftir slík áföll.³⁸ Þann 4. júlí voru álftirnar enn á hreiðrunum og sást nýklakinn ungi í öðru þeirra.³

Álftir urpu árlaga við Meðalfellsvatn á árum áður, stundum tvö pör. Hreiðrin voru í Hólmanum og í svokölluðu Nesi vestanmegin.³ Á síðari árum hafa álftir átt erfitt uppdráttar á vatninu vegna ónæðis og reyna sjaldnast varp núorðið.³⁷ Álfafjölskyldur safnast nokkuð saman á vatninu á haustin og halda sig þá gjarnan fyrir landi Flekkudals.³

Á Eyjatjörn verpa þær árlaga, oftast eitt þar en stundum tvö og komið hefur fyrir að þrjú pör hafi verið á tjörnninni og varið óðul.³ Fuglar safnast þar oft saman á haustin.³

Um 1960 urpu álftir í Hálshólma í Laxárvogi³⁹ en mjög fátítt er að þær verpi í sjávarhólum.⁴⁰

Álftir urpu við Fremra-Háls og við Írafell um 1970⁴¹ og verpa þar stundum enn.³

Eftir að álfum fjölgaði og ákjósanlegum varpstöðum fækkaði fóru landlaus pör að reyna fyrir sér með varp vítt og breitt um svæðið s.s. við Mela á Kjalarnesi, Kiðafell, Útskálahamar, Eyri, Laxárnesflóa, Háls og í Brynjudal.³ Þær hafa einnig reynt varp við Hlíðarás⁶ og við Laxá hjá Möðruvöllum. Við Sandfellstjörn á Reynivallahálsi verpa þær stundum og hafa væntanlega gert lengi.

Í Miðdal verpa þær sum ár við Kotá og á Tindstaðamýrum hafa þær reynt varp.³ Á Botnsheiði er talið að 3-4 pör verpi.⁵ Ætla má að 17 – 20 pör verpi því árlaga á svæðinu öllu.

Álftir sjást sjaldan yfir háveturinn, þó sáust um 50 álftir á Laxárvogi þann 2. desember 1984, og heldur hefur það færst í vöxt með hlýnandi veðri á síðustu árum að fáeinir fuglar sjást.

Þær fyrstu fara oftast að sjást í febrúar og flest óðul eru setin seinnipartinn í mars og byrjun apríl.

Snemma vors og frameftir sumri heldur sig nokkur hópur geldfugla (50 – 80) á svæðinu, einkum í Laxárvogi og á túnnum við Háls og í Laxárdal.

Þegar líður á nóvember eru flestar álftir horfnar af svæðinu.

Heiðagæs (*Anas brachyrhynchus*)

var fyrst skráð í Kjós í maí 1987, 1 fugl.⁴² Um svipað leiti fór að bera á mikilli fjölgun í íslensk-grænlenka heiðargæsastofninum.⁴³ Árið 1990 fór að bera nokkuð á þeim í tónum að vorlagi, einkum við Háls og í Laxárdal. Fjöldi fugla hefur þó sjaldnast verið mikill, meðal vorhámark árana 1990-2019 er 39 fuglar (4 – 262). Að vori hafa heiðagæsir fyrst verið skráðar þann 1. apríl (2017) en síðast 17. maí (1990).³ Auk fyrrgreindra staða hafa fáeinir fuglar sést á tónum við Kiðafell, Útskálahamar og Möðruvelli.

Lítið af heiðagæsum stoppar hér við á haustin en þó kemur fyrir að nokkrir fuglar sjáist í Laxárdal.



Heiðagæsir

Jóhann Óli Hilmarsson

Blesgæsin (*Anser albifrons*)

er umferðarfugl á Íslandi sem fer hér um vor og haust en varpstöðvar hennar eru á Vestur-Grænlandi.⁴⁴

Umferð blesgæsa hefur lengi verið þekkt í Laxárdal³⁶ en hún hefur eingöngu sést á tónum þar og við Háls.³ Frá því um 1990 hefur verið fylgst reglulega með vorumferð þeirra hér um. Meðal vorhámark hefur verið 65 (12-106) fuglar á tímabilinu 20. – 24 apríl.³ Fyrst hafa þær verið skráðar að vori 30. mars⁴⁵ en síðast 13. maí.³ Á vorin sjást gjarnan hópar blesgæsa fljúga yfir³ með stefnu á Borgarfjörð en þar og á Mýrum hafa þúsundir fugla viðkomu.¹¹⁹


Á haustin sjást stórir hópar á flugi til suðurs en hún stoppar hér lítið við; mun þó hafa gert það í meira mæli áður fyrr.³⁶ Að hausti hafa þær sést á tímabilinu 2. september³ - 25. október, flestar 68 í september 1981.⁴²

Þær eru fastheldnar á sína viðkomustaði og sást fugl sem bar hálshring með áletruninni K8Y flest vor í Laxárdal frá 2003-2015. Hún var merkt í desember 2002 á Írlandi.



Blesgæs

Björgvin Sigurbergsson



Graf 1.. Maðalfjöldi blesgæsa í Kjós að vori 1991 – 2019.

Grágæs (*Anser anser*)



Grágæsarpár með unga

Jóhann Óli Hilmarsson


hefur fjölgað jafnt og þétt á svæðinu frá því hún hóf hér varp. Hún fóru að verpa á Innnesjum um og uppúr 1950⁵ og líklegt að þær hafi farið að verpa í Kjós um 1960. Fyrsta skriflega heimild er frá breskum fuglafræðingum sem hér voru á ferð 1970 og töldu að þrjú grágæsarpör yrpu við Búðarhöfuð í landi Eyrar, þeir gátu þó ekki um hreiðurfund. Síðsumars það ár (25. júlí) sáu þeir um 100 fugla hóp á Hvalfjarðareyri.⁴⁶ Á vorin fara fyrstu gæsirnar nú að sjást í byrjun mars en vorumferð þeirra nær hámarki í fyrrihluta apríl. Þær sækja mest í tún í Laxárdal og við Háls. Komutími þeirra að vori hefur breyst mikið frá því athugannir hófust og vorhámark er nú 2-3 vikum fyrr en í upphafi athuganna. Gæsirnar hefja varp snemma vors og hefur hreiður fyrst fundist 23. apríl.

Grágæsir verpa nú víða með allri ströndinni og með ám og við vötn. Upp úr 1980 fóru þær að verpa í Laxárdal³⁶ og við Meðalfellsvatn um 1990 og verpa þar nú 6–10 pör.³ Á Myrkavatni sást í júlí 1990 par með unga og 32 geldfuglar að auki.

Grágæsir sjást á svæðinu fram eftir október og stundum fram í byrjun nóvember. Þegar bændur fóru að eiga við kornrækt varð

mikil fjölgun fugla að haustinu og hafa þær flestar verið skráðar 634 í október 2008.

Með hlýnandi veðri hefur færst í vöxt að grágæsir sjáist á svæðinu að vetrarlagi, einkum við Kiðafell.



Graf 2. Hámarks fjöldi grágæsa í Kjós að vori 1991 – 2019. Gefið er meðaltal þriggja ára.

Snjógæs (*Anser caerulescens*)

hefur sést tvisvar með vissu á svæðinu. Í fyrra skiptið var ein ásamt blesgæsum á túni við Káranes þann 12. apríl 2007 en sú seinni sást 18. september sama ár með grágæsum í Laxárdal.⁴⁶ Í seinna tilvikinu var um svokallaða blágæs að ræða en það er dökkt litarafrbrigði snjógæsar.



Snjógæs ásamt grágæsum.

Björgvin Sigurbergsson

Kanadagæs (*Branta canadensis*)

sést einstaka sinnum á svæðinu.

Ein sást með grágæsum á túni við Háls 31. maí 1998.⁴⁸ Ein með grágæsum á túnnum við Háls og Káranes dagana 7.-8. október 2007⁴⁷ og 2018 varð þrisvar vart við hana, 23. maí sást ein við tjörn í landi Útskálahamars,³ ein í Botnsvogi 3. júní (Birding Iceland) og loks tvær á túni í Hálsnesi 6. júní.³



© 2012 Björgvin Sigurbergsson

Kanadagæs

Björgvin Sigurbergsson

Helsingi (*Branta laucopsis*)

er fremur fátíður fargestur á svæðinu. Hann hefur verið skráður að vori á tímabilinu frá 8. apríl til 5. maí. Oftast sjást þeir á túnum í Laxárdal en þó einkum við Háls, auk þess hafa fuglar sést við Útskálahamar en ekki eru þeir árvissir. Þann 24. apríl 1994 sáust 54 saman á túni við Háls og er það stærsti hópur sem skráður hefur verið.³

Að haustinu eru þeir enn fáséðari. Tíu fuglar sáust í september 2007 á túni við Útskálahamar og stakur fugl var með grágæsum í Laxárdal í október 2006.³

Þann 24. apríl 1999 sást helsingi paraður grágæs við Meðalfellsvatn og héldu fuglarnir þar til um vorið og virtust varplegir.³ Í ágúst sást parið með einn unga í hólmanum í Meðalfellsvatni og í október sást parið við Laxárvog og var þá staðfest að afkvæmið væri kynblendingur tegundanna. Er það í fyrsta skipti sem tegundirnar verða uppvísar af því að rugla saman reitum hér á landi.⁴⁹



Helsingi

Björgvin Sigurbergsson

Margæs (*Branta bernicla*)

er umferðarfugl á Íslandi á leið sinni frá vetrarstöðvum á Írlandi til varpstöðva á heimskautasvæðum NA-Kanada.⁵⁰

Þann 29. apríl 1983 sáust 5 fuglar á flugi yfir Hvalfjarðareyri og stefndu inn Laxárvog, er það fyrsta skráða heimild um margæsir á svæðinu.³ Ekki er þeirra getið aftur fyrr en í maí 1986 en þá sáust 40 í Laxárvogi.⁵¹ Frá því hefur hennar orðið vart árlega og fjöldi fugla sem hafa viðdvöl í Laxárvogi á vorin stöðugt farið vaxandi (Graf 3). Þann 10 maí 2010 voru taldar



Margæs

Björgvin Sigurbergsson

1307 við Háls og líklega eru á öllu svæðinu nú 1500-2000 gæsir þegar best lætur.

Stór viðkomustaður margæsa er í Grunnafirði norðan Hvalfjarðar en þar hafa 3-4000 fuglar viðdvöl á vorin.^{90 120} Að vori hafa margæsir fyrst verið skráðar 6. apríl í Laxárvogi (2009 og 2019) en oftast verða þær ekki áberandi fyrr en upp úr miðjum mánuðinum.^{3 52}

Ólíkt öðrum gæsum er margæsin bundin við sjávarsíðuna og lifir einkum á marhálmi (*Zostera* spp.) grænþörungum (*Enteromorpha*) og (*Ulva*) og sjáfarfitjungi (*Puccinellia maritima*).⁵⁰

Fuglarnir sækja mikið í sjávarfitjar á Hvalfjarðareyri og Búðasandi. Á síðustu áratugum hefur margæsin farið að venja komur sínar í ræktað land⁵⁰ og má sjá hana í stórhópum á túnum við Laxárvog (Háls, Laxárnes). Einnig hafa þær sést í Mjóaósi við Hvamm og á túnum við Útskálahamar og Norðurkot allra síðustu ár.

Margæsin dvelur hér út maí en síðustu dagana í mánuðinum fækkar þeim ört og er sjaldgæft að sjá hana eftir 1 júní, þó sáust t.d. 3 fuglar á Hvalfjarðareyri 16. og 17. júní 2006.³ Mun minna ber á margæsum á haustin en fyrst varð vart við haustumferð þeirra í Laxárvogi í september 1990, a.m.k. 6 fuglar. Flestar hafa sést að hausti um 180 í september 2008.

Stöku fuglar af austrænu undirtegundinni *Branta bernicla bernicla* hafa sést en sú er dekkri á síðum og kviði.

Brandönd (*Todorna todorna*)

var fyrst skráð á svæðinu í apríl 2007, eitt par á Hvalfjarðareyri. Síðan hafa brandendur sést reglulega að vorlagi, einkum umhverfis Laxárvog.³ Það var ekki fyrr en 2012 sem varp þeirra var staðfest en það ár sást kolla með 8 unga 21. júní á Búðasandi.⁴⁵ Ekki hafa ungar sést síðan en fuglum fer




Brandönd, kolla

©2012 Björgvin Sigurbergsson

Björgvin Sigurbergsson

þó fjölgandi á svæðinu. Vorið 2018 sást par á Búðasandi og 10 fuglar að auki við Laxárnes þann 1. maí.³ Brandendur halda sig einkum á sjávarleirum við árósa og fara sjaldnast langt frá sjó. Þær verpa í holum og stundum í holrýmum undir mannvirkjum s.s. sumarbústöðum nærri sjó.



Graf 3. Hámarksfjöldi margæsa í Laxárvogi að vori. (Þau ár sem engin súla er við var ekki talið.)

Rauðhöfðaöndin (*Mareca penelope*)



Rauðhöfðaönd, steggur

Björgvin Sigurbergsson


hefur takmarkaða útbreiðslu á svæðinu þar sem hún heldur sig einkum við gróskumikil votlendi s.s. Hurðarbakssef og Eyjatjörn. Henni hefur fjölgað á undanförunum árum og sést nú stundum á Meðalfellsvatni og efsta hluta Bugðu, einnig hefur hún sést við Kiðafell en þar hefur varp ekki verið staðfest.³ Snemma á vorin má sjá allt að 100 fugla á Hurðarbakssefi og öðrum votlendum í Laxárdal þó svo að varpstofninn sé líklega innan við 20 pör.

Eyjatjörn nýta þær einkum til fæðuöflunar á haustin þó fáeinir fuglar sjáist þar allt árið en kollur haf ekki sést þar með unga.³ Þess má geta að Hørring sá þar 2 pör þann 21. júní 1906.²

Að vetrinum halda þær sig aðallega á sjó, í vogum við árósa. Á árunum fyrir 1970 héldu nokkrir tugir fugla til í Brynjudalsvogi en talið er að kaldir vetur sem þá fóru í hönd hafi gert þeim ókleift að nýta

voganna að vetri.²² Um 1990 fór að verða vart við rauðhöfða í Laxárvogi yfir veturinn og var sá hópur lengi 60-80 fuglar. Með hlýjum vetrum undanfarinna ára hefur fjöldi rauðhöfða aukist gríðarlega í firðinum að vetrarlagi eins og sést á grafi sem byggt er á Vetrartalningum Náttúrufræðistofnunar sem fram fara um áramót. Í talningu þann 26.11'19 fundust 267 rauðhöfðar í Laxárvogi, 109 í

Brynjudalsvogi, 141 í Botnsvogi og 25 við Miðsand eða alls 542 fuglar.



Graf 4. Fjöldi rauðhöfða á Hvalfirði í vetrartalningum Náttúrufræðistofnunar á svæðinu Saurbær á Kjálarnesi að Miðsandi.

Ljóshöfðaönd (*Mareca americana*)

er náskyld rauðhöfða, einskonar amerísk útgáfa af honum sem slæðist alloft til landsins. Einn karlfugl sást með rauðhöfðum á árunum 2003 til 2007. Sást hann ýmist á Laxárvogi, Hurðarbakssefi og Eyjatjörn.^{3 53 54 47}



Ljóshöfðaönd

Björgvin Sigurbergsson

Gargönd (*Mareca strepera*)

er mjög fáséð á svæðinu, aðeins fjögur tilvik skráð. Stök pör sáust á Hurðarbakssefi í apríl og maí 1990, 1999 og 2005.^{3 56 57}

Þrír steggir héldu til á tjörn við Útskálahamar seinnipartinn í maí 2018.³



Gargönd, steggur

Björgvin Sigurbergsson

Rákönd (*Anas carolinensis*)

er amerísk systurtegund urtandarinnar og hefur þrisvar verið skráð í Kjós. Á Valdastaðasefi í Laxárdal sást steggur í maí 2000⁵⁹ og 2008.[?] Á Hurðarbakssefi í Laxárdal sást einn steggur í maí 2004.⁵⁴

Urtöndin og ráköndin eru nauðalíkar en ráköndin hefur lóðréttu hvíta rák á síðu sem urtöndina vantar.



Rákönd, steggur

Björgvin Sigurbergsson

Urtönd (*Anas crecca*)

er nokkuð algeng og hefur fjölgað hin síðari ár. Hún er algengust á votlendissvæðum í Laxárdal en verpur þó víða núorðið, einkum í gömlum uppgrónum skurðum.^{3 6 58}

Aðeins einu sinni hefur orðið vart við hana ofan byggðar, eitt par á tjörn milli Sandvatns og Myrkavatns í júlí 2010.³ Urtöndin er lítil og felugjörn og því erfitt að átta sig á stofnstærðinni.



Urtönd, steggur

Björgvin Sigurbergsson

Varppör á svæðinu eru þó líklega innan við 30. Á haustin safnast þær gjarnan í hópa. Stærsti hópur sem skráður hefur verið sást í september 2008, um 100 í Laxárdal. Nokkuð af fugli heldur hér til yfir veturinn og leitar á sjó þegar vötn eru á ís en við austanvert Meðalfellsvatn er ávalt nokkur hópur á vatnsmiklum kaldavermslskurðum sem aldrei leggja.³ Litlar heimildir eru til um urtendur frá fyrri tíð en Hørring sá þó eina í Laxárdal í ágúst 1905 og nokkrar í Hvalfjarðarbotni í október 1906.²

Stökkönd (*Anser platyrhynchos*)




Stökkönd, par.

Björgvin Sigurbergsson

Stökköndin er algengust buslanda og verpur vítt og breitt um svæðið.³ Að vetrinum halda þær til á sjó en leita inn á ferskvatn ef tíðarfar bíður upp á það. Eins og sést á grafi byggðu á vetrartalningum Náttúrufræðistofnunar er mikill breytileiki í fjölda fugla á firðinum og endurspeglar að einhverju leiti

færslu milli sjávar og ferskvatns. Heilt yfir hefur fuglum sem hafa vetrardvöl í Hvalfirði verið að fjölga, einkum á allra síðustu árum. Að jafnaði eru flestar í Laxár- og Botnsvogi.¹ Í talningu 29.11'19 fundust 166 í Laxárvogi, 43 í Brynjudalsvogi, 116 í Botnsvogi, 50 við Miðsand og 53 annarstaðar, samtals 428. Varpstofninn er gróflega áætlaður 60-100 pör.³



Graf 5. Fjöldi stökkanda á Hvalfirði í vetrartalningum NÍ á svæðinu frá Saurbæ á Kjalarnesi að Miðsandi.

Grafönd (*Anas acuta*)

Mjög sjaldséð. Eitt par sást á Hurðarbakssefi dagana 2. og 3. maí 1990. Í janúar og apríl 1998 sáu steggir á Hurðarbakssefi og á árunum 1999 til 2003 sást einn steggur af og til í slagtofi með stökköndum.³



Grafönd, steggur

Björgvin Sigurbergsson

Skutulönd (*Aythya farina*)

Einu sinni hefur sést til hennar. Þann 17. maí 1970 sáu st 4 fuglar á sjó við Hvalfjarðareyri.⁶¹ Skutulöndin er Evrópsk tegund.




Skutulönd, par.

Björgvin Sigurbergsson

Brúðönd (*Aix sponsa*)

Einn karlfugl þessarar amerísku tegundar sást ásamt stökköndum á túni við Sogn í Laxárdal þann 27. apríl 2006.³



Brúðönd, steggur

Björgvin Sigurbergsson

Skúfönd (*Aytha fuligula*)

er tiltölulega nýlegur landnemi hér og óvíst hvenær hún byrjaði að verpa á svæðinu. Fyrst er hennar getið 1983 en þá sást eitt par á Eyjatjörn þann 5. maí.³ Henni hefur fjölgað hægt og bítandi síðustu áratugi en varpstofninn er lítill, innan við 10 pör. Hún verpur einkum við Hurðarbakssef en þar var varp fyrst staðfest 1992. Kollur með unga hafa síðar einnig sést á öðrum votlendistjörnum í Laxárdal. Varp var staðfest við Meðalfellsvatn 2007. Skúfendur hafa sést á svæðinu frá 3. apríl til 6. nóvember.³




Skúfönd, steggur

Björgvin Sigurbergsson

Duggönd (*Aythya marila*)

er fremur fálíðuð og varp hefur aldrei verið staðfest. Einkum sjást duggendur á vorin í Laxárvogi og á Meðalfellsvatni í mars og fram í maí, flestar skráðar 17. maí 1992, 5 pör á Meðalfellsvatni.³ Duggöndin verpur fremur við fjalla- og heiðavötn og hefur sést á Sandvatni, Myrkavatni og fleiri tjörnum þar í grennd.⁵ Ef til vill var hún algengari áður fyrr og gæti einn steggur sem Hørring sá á Eyjatjörn í júní 1906 bent til að hún hafi orpið þar á þeim tíma.²



Duggönd, steggur

Björgvin Sigurbergsson

Einstaka sinnum hafa hafa þær sést í Laxárvogi að vetri til.³

Æðarfugl *Somateria mollissima*



Æðarfuglar. Fyrir miðri mynd má sjá eina æðardrottningu.

Björgvin Sigurbergsson

verpur strjált með allri suðurströnd Hvalfjarðar en nytjavörp eru eða hafa verið á nokkrum jörðum. Í Þyrilsnesi er mest varp á svæðinu. Gaf varpið um 8 kg. af dúni 1914. Varpið er talið til nytja í fasteignamati 1932 og 1942.⁶² Þegar best lét urpu þar um eða yfir 1000 pör⁵ en varpið hefur rýrnað mikið í seinni tíð og er ref kennt þar um.

Við Hvamm og Hvammsvík gaf varpið aðeins 1½ kg. 1914 en talið til nytja 1932 og 1942.⁶² Árið 1984 var áætlað að 7-800 hreiður væru í Hvammsvík⁶³ en innan við 100 hreiður 1990.⁶⁴ Meginvarpið í Hvammsvík er í Hvammsey.⁷²

Við Neðra-Háls var dúntekja talin 1½ kg 1914 og talin til nytja 1932 og 1942.⁶² Varp við N-Háls er nú lítið en reynt er að hlúa að því.

Í landi Fells voru um 200 hreiður þegar best lét um 1980 en fór úr því minnkandi vegna ágangs refa og minks að því talið



Hálshólmi. Þar hefur verið hlúð að æðarvarpi á síðustu árum.

Björn Hjaltason

er. Varpið er nytjað og var talið að þar væru um 50 hreiður 2009 en illa hefur gengið að verja varpið og hefur það ekki vaxið.⁶⁵

Á Eyri og Eyrarkoti var varp talið til nytja árið 1942.⁶²

Hvalfjarðareyri tilheyrði jörðunum og varp þar lengi töluvert af fugli en um 1980 lagðist umhirða varpsins af. Þá urpu þar um 50 kollur en varpið lognaðist útaf er leið á níunda áratuginn. Nú verpa þar aðeins stöku kollur.³


Jarðirnar Melar og Útkot á Kjalarnesi eru skráðar með varphlunnindi í fasteignamati 1942 en varp er þar nú lítið sem ekkert.⁶²

Skammt vestan við það svæði sem hér er til umfjöllunar liggur Andríðsey sem tilheyrir Brautarholti. Í eyinni urpu upp úr 1920, 1200 – 1750 pör.⁶² Töluvert varp er nú í eyinni og er nytjað.

Nokkuð af æðarfugli verpur upp með ám, einkum Laxá og Bugðu og á Meðalfellsvatni sjást um 10 kollur með unga árlega.³ Fyrsta skráða heimild um æðarfugla á Meðalfellsvatni er frá 1975, en þá sást „mörg“ pör á vatninu í júní og líklegt er að þær hafi orpið þar lengi. Í júní 1975 sást par á Eyjatjörn²⁰ og er það eina skráða tilvikið þar. Fyrir kemur að kollur með unga haldi sig við útfall Meðalfellsvatns og á efsta hluta Bugðu fram á haust en oftast leita þær til sjávar fljótlega eftir að ungar klekjast.³

Þann 9. júní 1981 fannst hreiður með þremur eggjum á Eyrarfjalli ofan við Eyri í um 170 m.y.s., í jaðrinum á sílamáfsvarpi. Æðarfuglar leituðu töluvert upp í hlíðar Eyrarfjalls upp af Hvalfjarðareyri til að verpa á því árabili er sílamáfsvarp var þar enn í blóma.³

Æðarfuglinn lifir mikið á kræklingi *Mytilus edulis* en auðug mið eru víða í vogum fjarðarins sem fuglinn sækir einkum í á haustin og er þá fjöldi hans mestur, allt að 10.000 fuglar þegar mest er.^{1 22} Að jafnaði eru þeir fæstir á svæðinu í mars og apríl og er talið að þeir leiti þá út samfara göngu loðnu (*Mallotus villosus*) í Faxaflóa sem hann er sólginn í.^{66 62} Meðalfjöldi fugla á árunum 2002-19 í vetrartalningum



Graf 6. Fjöldi æðarfugla á Hvalfirði í vetrartalningum NÍ á svæðinu frá Saurbæ á Kjalarnesi að Miðsandi.

Náttúrufraeðistofnunar var 4403 fuglar, er þá talið á strandlengjunni frá Saurbæ á Kjalarnesi að Miðsandi.

Æðarkóngur (*Somateria spectabilis*)

er fremur algengur flækingur og hefur hann sést alloft með æðarfuglum í Hvalfirði. Oftast sést hann á vorin frá því í mars og út maí. Í flestum tilvikum er um staka karlfugla að ræða. Þann 18. apríl 2008 sást eitt par ásamt æðarfuglum við Hvalfjarðareyri.^{61 67 33 68 14 48 69 53 54 60 70}



Æðarkóngur, steggur ásamt æðarfuglum.

Björgvin Sigurbergsson

Blikönd (*Posysticta stelleri*)

Þessi sjaldgæfi flækingur hefur einu sinni verið skráður á svæðinu. Var það kolla á fyrsta vetri með straumöndum á Bugðu þann 13. apríl 2005. Var það í fyrsta skipti sem tegundin sást á Suðvesturlandi.⁷¹

Hvinönd (*Bucephala clangula*)

er vetrargestur hér á landi frá Evrópu en sést sárasjaldan hér um slóðir. Einn kvenfugl sást á Laxárvogi í febrúar 1981⁷⁵ og í nóvember 1990 sáust tveir fuglar á Meðalfellsvatni, kvenfugl og ungur steggur.⁶⁸



Hvinönd, steggur.

Jóhann Óli Hilmarsson

Straumönd (*Histrionicus histrionicus*)




Straumönd, steggur á Bugðu.

Björgvin Sigurbergsson

má heita algeng á svæðinu en hún heldur sig eingöngu á straumvatni og sést á öllum ám sem staðið geta undir nafni. Í apríl og maí leitar hún upp árnar og að útföllum stöðuvatna þar sem mest er af lirlfum bitmýs sem er hennar aðalfæða.¹²⁶ Á Bugðu við Meðalfellsvatn nær fjöldi þeirra hámarki um mánaðamótin apríl – maí. Einnig hópast þær saman á Laxá við útfall Stíflisdalsvatns og nokkur fjöldi sést á Botnsá við útfall Hvalvatns. Á minni dragám sjást yfirleitt aðeins stök pör.

Í maí leita þær með ám og lækjum inn til dala og heiða til varps og ungar klekjast út í júlí.

Steggir hverfa til sjávar um mánaðamótin júní – júlí og verður þá lítið vart við fugla fyrr en kollur mæta aftur síðsumars með unga að útföllum vatnanna. Stundum má sjá unga frá sumrinu á Bugðu langt fram eftir vetri.⁷³ Straumöndin virðist þó hafa átt erfitt uppdráttar undanfarin ár og hafa ungar ekki sést á Bugðu frá 2015.³ Inn í Hvalfirði sjást straumendur sjaldan að vetrinum en töluvert af þeim heldur sig við Kjalarnes s.s. í Hofsvík og við Saurbæ.⁷⁴



Graf 7. Hámarksfjöldi straumanda á Bugðu að vori 1998 – 2019. Steggir blátt, kollur rautt.

Hávella (*Clangula hyemalis*)

er algeng á Hvalfirði yfir veturinn, frá því í október og fram í maí er fjöldi fugla yfirleitt á bilinu 100 – 800 en yfir sumarið sést hún lítið.¹ Hún sækir lítið inn á vogana en heldur sig á dýpri sjó.

Á grynningum við Hnausasker í fjarðarmynninu út af Saurbæ á Kjalarnesi safnast oft saman stór floti hávellna á vorin, í apríl – maí. Þann 4. maí 1973 sáust þar um 7000 fuglar²² og um 3500 þann 21. apríl 1992.¹




Hávella, steggur í vetrarbúningi.

Björgvin Sigurbergsson

Hávellan verpur fyrst og fremst við heiðavötn. Þær sjást iðulega á Myrkavatni og kolla með unga sást þar í júlí 1990.³ Nokkur pör verpa við Hvalvatn og tjarnir á Botnsheiði.⁵

Þeir fáu fuglar sem sjást á Hvalfirði yfir sumarmánuðina eru yfirleitt á innanverðum firðinum, gjarnan við Miðsand og eru þá væntanlega í tengslum við varpið á Botnsheiði.³

Meðalfjöldi hávellna á talningarsvæðinu frá Saurbæ á Kjalarnesi að Miðsandi í vetrartalningum Náttúrufræðistofnunar árin 2002 – 2019 er 394 fuglar. Virðist þeim hafa farið fækkandi á þessari öld.



Graf 8. Fjöldi hávellna á Hvalfirði í vetrartalningum NÍ á svæðinu frá Saurbæ á Kjalarnesi að Miðsandi.

Hrafnsöndin (*Melanitta nigra*)

er íslenskur varpfugl en afar sjaldséð á svæðinu. Tveir fuglar sáust við Miðsand í september 1982 og þann 11. júní 1984 sáust 20 fuglar 1-1.5 km frá landi út af Hvammsvík samkvæmt erlendum fuglaskoðurum sem hér voru á ferð.⁵ (*Sumir hafa efast um áræðileika athugunarinnar frá Hvammsvík en ekki verður fullyrt neitt um hana hér*).

Þann 28. október 2007 sást eina kolla/ungfugl á Meðalfellsvatni.³



Hrafnsönd, par.

Jóhann Óli Hilmarsson

Krákönd (*Melanitta perspicillata*)

flækist hingað til lands frá Evrópu og hefur einu sinni sést í Hvalfirði. Þann 1. júní 1979 sást einn steggur við Hvítanes.⁶¹



Krákönd, par.

Björgvin Sigurbergsson

Korpönd (*Melanitta fusca*)

Fremur sjaldgæfur flækingur en hefur þó alloft sést í Hvalfirði. Fyrsta skráða tilvik er frá 1974 en þá sást steggur nærri Hvalstöðinni þann 19. júní.⁶¹ Dagana 1.-12 júní 1975 sást fullorðinn steggur á Brynjudalsvogi.⁶¹ Þann 24. júní 1978 sást fullorðinn steggur nærri Þyrli.⁶¹ Þann 4. janúar 1981 sást einn steggur við Hvalfjarðareyri.⁷⁵ Einn steggur sást í Laxárvogi þann 27. febrúar 1982.²⁶ Einn steggur og 2 kollur á Botnsvogi 24. maí 1983.⁷⁶ Kvenfugl/ungfugl sást svo við Hvítanes í febrúar og mars 1994⁷⁷ og par 12. febrúar 2016 við Gerðatanga milli Botns- og Brynjudalsvogs.⁷⁸



Korpönd, steggur.

Björgvin Sigurbergsson

Toppönd (*Mergus serrator*)




© 2012 Björgvin Sigurbergsson

Toppönd, steggur.

Björgvin Sigurbergsson

má heita algeng og sést tilfallandi á öllum ám og vötnum. Hún verpur einkum við Meðalfellsvatn þar sem 1- 4 kollur sjást með unga árlega.³ Hørring kom að Meðalfellsvatni í ágúst 1905 og sá þar margar kollur með stóra unga.² Á Laxá sjást kollur með unga og endrum og sinnum á Botnsá og Kiðafellsá.^{5 12} Hún verpur stundum við sjó og hefur hreiður fundist í Þyrilsnesi.⁵ Varla eru þó fleiri en 10 -15 varppör á öllu svæðinu. Toppöndin er hér árið um kring en heldur sig einkum á Hvalfirði á vetrum. Fjöldi þeirra er mestur að haustinu og líklegt að þær felli þar flugfjaðrir.^{1 5} Má þá stundum sjá allstóra hópa, 200-400 fugla.³ Í talningum á firðinum 1973 og 1992-'93 kom í ljós að þeim hafði fjölgað töluvert á því tímabili. Árið 1973 sáust að meðaltali 37 fuglar í talningu en 105 1992-'93.¹

²² Þrátt fyrir fjölgun fugla á Hvalfirði er ekki að merkja teljandi fjölgun í varpstofni. Meðalfjöldi toppanda á talningarsvæðinu frá Saurbæ á Kjalarnesi að Miðsandi, í vetrartalningum Náttúrufræðistofnunar árin 2002 – 2019 eru 101 fugl.



Graf 9. Fjöldi toppanda á Hvalfirði í vetrartalningum NÍ á svæðinu frá Saurbæ á Kjalarnesi að Miðsandi.

Gulönd (*Mergus merganser*)



Gulönd, par.

Björgvin Sigurbergsson

sést mest á vorin, frá því í mars og út maí. Oftast sjást fuglar á Meðalfellsvatni og Bugðu en einnig á Laxá og tilfallandi á öðrum ám og vötnum. Frá því í byrjun júní og fram í október er mjög fátítt að rekast á hana á svæðinu³ en þó er talið að kolla með unga hafi sést á Laxá nærri Pokafossi 2011 og 2012.⁶ Mikil áraskipti eru á fjölda gulanda en hún var óvenju áberandi á árunum frá 2005 til 2011. Mestur skráður fjöldi að vori eru 12 fuglar á Meðalfellsvatni þann 19. Mars 2012 en að hausti 9 fuglar á Meðalfellsvatni og Bugðu þann 17. nóvember 2008. Gulendur sjást einnig á sjó, einkum við árósa að vetri til.³

Haförninn (*Haliaeetus albicilla*)

var áður fyrr algengur í Hvalfirði en hvarf þaðan um miðja síðustu öld eins og svo víða annars staðar vegna ofsókna á hendur honum af æðarbændum. Eitrun fyrir ref er einnig talin hafa haft veruleg áhrif á fækkun þeirra. Örninn var alfriðaður hér á landi 1914 og útburður eiturs fyrir ref var bönnuð 1964.¹²⁷

Allmargir varpstaðir eru þekktir frá fyrri tíð á svæðinu. Lengst hélst varp við í hömrum norðan í Reynivallahálsi, upp af Hvammsvík, eða allt til 1951.²⁰ Gamalt hreiðurstæði er norðan í Múlafjalli og ernir munu hafa orpið í klettum upp af Þyrli áður fyrr. Varp mun hafa verið í Arnardrangi í Þyrilsnesi þar til um 1913.²⁰ Varptilraun var gerð í sjávarhólma við Bjarteyjarsand 1968 rétt norðan athugunarsvæðisins en ekki varð framhald á því.

Aðeins er vitað um eitt hreiðurstæði sunnan Reynivallaháls, var það í norðanverðu Meðalfelli. Urpu ernir þar að öllum líkindum fram yfir aldamótin 1900.

Arnarstofninn hefur verið að rétta úr kútnum hægt og bítandi á undanförunum áratugum og nema á ný yfirgefin óðul. Þar hefur orpið í Grunnafirði um alllangt skeið og fyrir nokkrum árum settist þar að í Geirshólma í Hvalfirði og hefur orpið þar síðan. Nú orðið sjást ernir daglega í Hvalfirði ef eftir er

leitað. Þeir sækja mikið í Laxárvog, enda er þar yfirleitt gnótt fæðu. Hafa þar sést allt að fimm fuglar samtímis.¹²⁵



Ungur haförn á flugi í Laxárvogi.

Björgvín Sigurbergsson 2010

Björgvin Sigurbergsson



Fálki

© Björgvín Sigurbergsson 2011

Björgvin Sigurbergsson

Fálki (*Falco rusticolus*)

Þekktir eru nokkrir varpstaðir fálka á svæðinu sem hafa verið notaðir gegnum tíðina. Hans verður þó lítið vart á varptíma nú orðið en þó má gera ráð fyrir að 1-2 pör verpi a.m.k. sum ár. Í innanverðum Hvalfirði eru þekkt þrjú setur.¹² Eitt setur í Meðalfelli, þar var einn ungi í hreiðri 1964⁷⁹ og varplegur fugl sást þar um síðustu aldamót. Í Kjósarskarði er eitt þekkt setur⁸⁰ og í Svínadal fannst hreiður með þremur ungum sumarið 2011.⁶

Fálka verður helst vart á veturna, ekki síst með ströndinni þar sem nóg er af bráð.³

Förufálki (*Falco peregrinus*) Er sjaldgæfur en nær árviss flækingur á síðustu árum, fuglarnir gætu komið bæði frá Norður-Ameríku og Evrópu.

Einn fugl þessarar tegund sást ítrekað við Kiðafell í ágúst-september 2013.³

Smyrillinn (*Falco columbarius*)



Smyrilsungar í hreiðri.

Björn Hjaltason

er algengastur ránfugla á svæðinu. Hefur fundist verpandi á allmörgum stöðum. Þeir eru mest áberandi síðsumars eftir að ungar hafa yfirgefið hreiðrin.³ Ætla má að 6-8 pör verpi árlega á svæðinu. Stöku fuglar sjást hér yfir veturinn.

Rjúpan (*Lagopus muta*)

má teljast allalgengur varpfugl á svæðinu þó eflaust hafi verið meira af henni áður fyrr eins og annarstaðar á landinu. Ekki hefur orðið vart við verulegan topp í fjölda rjúpu frá árinu 1982 en það ár var áberandi mikið af henni. Karra má þó sjá hreykja sér á ýmsum stöðum á vorin og á flugi yfir óðali sínu. Á haustin og veturna má oft sjá rjúpur í görðum heima við bæi og í sumarbústaðalöndum. Veiðar á rjúpu eru varla teljandi á svæðinu núorðið.³



Rjúpa, par snemma vors.

Björgvin Sigurbergsson

Keldusvín (*Rallus aquaticus*)

Fátt er vitað um þessa tegund á svæðinu. Keldusvíns er getið í lista yfir fugla sem sést hafa við Kiðafell 1941.⁸¹ Haft er eftir Eiríki Sigurjónssyni fyrrum bónda á Sogni að keldusvín hafi orpið á flæðiengjum í Laxárdal fram undir 1950. Það er ekki lengur talið til íslenskra varpfugla. Líklegast þykir að framræsla mýra og tilkoma minks hafi gert út um tilvist þess hér á landi.⁵⁵



Keldusvín

Jóhann Óli Hilmarsson

Bleshænan (*Fulica atra*)

er allalgengur flækingur hér á landi og hefur orpið. Hún hefur tvisvar sinni sést á svæðinu, var það í október 2003 að einn fugl sást á Hurðarbakssefi⁵³ og í maí 2020 sást einn fugl á tjörn í Brynjudal.³



Bleshæna.

Björgvin Sigurbergsson

Tjaldurinn (*Haematopus ostralegus*)

er algengur fugl á svæðinu og verpur hvarvetna með ströndinni og við ár og vötn á láglendi.³


Hvalfjörður er ein mikilvægasta vetrarstöð tjalds hér á landi og þar heldur sig stór hluti þeirra fugla sem hér þreypja veturinn. Önnur stór vetrarstöð er í Grunnaafirði í Leirársveit rétt norðan athugunarsvæðisins.⁹⁰ Tjaldurinn sækir í leirur voganna, einkum á haustin, þar sem hann er oft í hundrðatali í leit að krækling, sandmaðki og öðru góðgæti.²²



Tjaldur

Björgvin Sigurbergsson

Meðalfjöldi fugla í vetrartalningum Náttúrufræðistofnunar eru 753 fuglar en fjöldi fugla er mjög rokkandi eins og sést á meðfylgjandi grafi. Hann hefur verið mun fágætari varpfugl áður fyrr og getur Hórring tjalds aðeins í hópum í vogunum en ekki sem varpfugls þegar hann var hér á ferð 21.-22. júní 1906² og af dagbók Friðriks Sigurbjörnssonar sem dvaldi á Kiðafelli 1941 má ráða að einungis eitt par hafi orpið þar.¹⁶



Graf 10. Fjöldi tjalda í vetrartalningum Náttúrufræðistofnunar á svæðinu frá Saurbæ á Kjalarnesi að Miðsandi.

Sandlóan (*Charadrius hiaticula*)

hefur sömu útbreiðslu og tjaldurinn. Hún verpur gjarnan rétt ofan stórstreymismarka, á berangursholtum, áreyrum og aflögðum malarnámum. Hún er hér gamalgróinn varpfugl en nokkur breytileiki er í fjölda varppara milli ára.³



Sandlóa.

Björgvin Sigurbergsson

Gulllóan (*Pluvialis dominica*)

er Amerísk tegund, ekki ósvipuð heiðlóunni okkar. Hún þvælist hingað endrum og eins. Einn fullorðinn fugl sást í stórum heiðlóuhóp á túnum við Laxárnes og Meðalfell dagana 17.-22. September 2007.⁴⁷



Gulllóa.

Björgvin Sigurbergsson

Heiðlóan (*Pluvialis apricaria*)

er algeng á láglandi og til heiða. Á vorin safnast þær gjarnan saman í allstóra hópa á túnum en ekki síður að haustinu þegar jafnvel hundruð fugla koma saman. Bæði vor og haust nýta þær leirur voganna sér til framdráttar.¹ Upp úr miðjum október eru yfirleitt flestar heiðlóur horfnar af svæðinu.³ Þann 26. nóvember 2019 sáust nokkrar lóur í Laxárvogi. Líklega hafa þær ætlað að þræuka hér veturinn en nokkuð hefur færst í vöxt á síðustu árum að þær sjáist að vetrarlagi.



Heiðlóa.

Vepja (*Vanellus vanellus*)

er stopull flækingur hér um slóðir, en hún hefur orpið alloft hér á landi. Sumarið 1922 sáust vepjur (2) við Reynivelli í Kjós. Töldu sumir að þær hafi orpið en engin staðfesting fékkst á því. Í maí 1940 sást vepja við Morastaði í Kjós og aftur í september sama ár.⁶¹ Við Norðurkot á Kjalarnesi sást einn fugl um mánaðarmótin janúar-febrúar 1987³³ og þann 20. ágúst 1996 sást einn fugl á túni við Meðalfell.⁶⁹



Vepja.

Björgvín Sigurbergsson

Rauðbrystingurinn (*Calidris canutus*)

er umferðarfugl hér á landi, á leið sinni til varpstöðva á heimskautseyjum Kanada.⁸⁴ Þeir fara um Hvalfjörð í þúsundatali á vorin. Við könnun í maí 1991 fundust 4400 í Laxárvogi og nágrenni, 3000 í Mjóáós við Hvamm, 1200 í Brynjudalsvogi og 4400 í Botnsvogi.¹²² Á haustin sjást aðeins nokkrir tugir fugla.³

Þeir nýta einkum leirurnar í Laxárvogi og Botnsvogi til fæðuöflunar en þegar fellur að safnast þeir saman og geta þá myndað gríðarstóra hópa.¹ Slíkan hóp má gjarnan sjá á Hvalfjarðareyri og eru dæmi þess að slíkur hópur hafi talið allt að 12.000 fugla.⁹⁴ Einstaka sinnum sjást þeir inn til landsins og þá einkum í flögum.³



Björgvín Sigurbergsson 2010

Rauðbrystingar

Björgvín Sigurbergsson

Sanderlan (*Calidris alba*)



Sanderla.

Björgvin Sigurbergsson

er umferðarfugl hér eins og rauðbrystingurinn. Hún sést hér endrum og eins og aðeins fáir fuglar í senn. Sanderla hefur verið skráð á svæðinu frá 17. – 27. maí á Hvalfjarðareyri og í Laxárvogi³ og 5.-7. ágúst við Hvammsvík.⁴⁶

Rákatíta (*Calidris melanotos*)

er sjaldgæfur amerískur flækingur hérlandis. Einn fugl sást ásamt lóuprælum í Botnsvogi í júlí 2005.¹²⁸



Rákatíta.

Björgvin Sigurbergsson

Sendlingurinn (*Calidris maritima*)

verpur hér strjált til fjalla.
Stök varppör hafa fundist
víða s.s. á Esju, Eyrarfjalli og
Reynivallahálsi en
algengastur er hann á
fjöllum inn af
Hvalfjarðarbotni,
Þrándarstaðafjalli,
Múlafjalli og um
Botnsheiðina.^{3 5 6} Yfir
veturinn heldur hann sig við
sjávarsíðuna og sést þá
stundum í stórhópum en
honum virðist þó hafa
fækkað heldur upp úr
aldamótum. Á vorin sjást



Sendlingur.

Björgvin Sigurbergsson

smáhópar við Bugðu og Meðalfellsvatn þegar mýklak er í gangi.³

Lóupræll (*Calidris alpina*)



Lóupræll.

Björgvin Sigurbergsson

er fremur sjaldgæfur varpfugl á svæðinu en nokkur áraskipti er á fjölda þeirra. Hann kys blautar mýrar, oft til heiða og hefur t.d. fundist verpandi við Sandfellstjörn á Reynivallahálsi og í Laxárdal. Hann verpur þó stundum á strandsvæðum og hefur fundist verpandi á Hvalfjarðareyri og Búðasandi. Á vorin og síðsumars sést nokkuð af honum á leirum, einkum í Laxárvogi og Botnsvogi.³

Tildran (*Arenaria interpres*)

er umferðarfugl hér á landi á leið sinni til og frá norðlægum varpstöðvum sínum. Hún sést þó stundum að sumar og vetrarlagi. Þær má sjá víða með ströndinni en eru ekki eins bundnar við leirurnar eins og margir aðrir vaðfuglar. Á vorin sést alltaf nokkuð af þeim við Meðalfellsvatn og Bugðu á meðan mýklak á sér stað.³



Tildra.

Björgvin Sigurbergsson

Dvergsnípan (*Limnocryptes minimus*)

er flækingur hér og finnst helst við kaldavermsl eða volgrur á veturna. Skilyrði fyrir hún hafa batnað hér eftir að hitaveita var lögð um Kjós og hefur hún sést við afföll frá henni við Kiðafell og víðar.³



Dvergsnípa.

Björgvin Sigurbergsson

Hrossagaukur (*Gallinago gallinago*)

er algengur hvarvetna á láglandi ekki síst í nálægð við ræktarlönd og mannabústaði. Alltaf eru nokkrir fuglar sem þreya hér veturinn og sjást þeir gjarnan við kaldavermsl.



Hrossagaukur.

Björgvin Sigurbergsson

Skógarsnípan (*Scolopax rusticola*)

er fyrst og fremst skógarfugl.

Hún var fyrst skráð á svæðinu 1988 en þá sást einn fugl í skógrækt við Kiðafell. Upp úr því sáu þær af og til en frá og með 2008 má heita að þær hafi sést árlega.³ Í byrjun júní 2016 fannst

©2011 Björgvin Sigurbergsson



hreiður með eggjum í skógræktinni í Brynjudal,⁸³ sem kom reyndar ekki á óvart því fuglar höfðu sýnt óðalsatferli þar og í Botnsdal allt frá 2008³ en hreiður þeirra eru mjög vandfundinn. Hún virðist vera hér staðfugl og í harðindum á vetrum sækja þær í kaldavermsl og volgrur.³ Auk fyrrgreindra staða hefur hún sést við Valdastaði²⁴ og Sogn í Laxárdal.⁶

Jaðrakan (*Limosa limosa*)

Líklegt er að hann hafi byrjað að verpa hér um slóðir um miðbik síðustu aldar. Hørring gat hanns ekki þegar hann var hér á ferð upp úr aldamótunum 1900.² Fuglafræðingar frá Cambridge sem dvöldu hér 1970 urðu lítillaga varir við hann í Hvalfirði.⁴⁶ Í Laxárdal mun hann þó hafa verið lengi³⁶ en það er ekki fyrr en á síðustu áratugum sem hann fer að verða áberandi annarstaðar á svæðinu.³ Það virðist þó vera nokkuð misjafnt milli ára hver fjöldi varppara er. Nú orðið sést mikið af honum á fartíma. Á vorin sjást tugir fugla á leirum í Laxárvogi og í mýrlendi við Hurðarbakssef en síðsumars sækja þeir einkum í nýsleginn tún.³



Jaðrakan.

Björgvin Sigurbergsson

Spóinn (*Numenius phaeopus*)

er algengur varpfugl í valllendi þó heldur virðist honum hafa fækkað. Á vorin sjást fyrstu fuglarnir að jafnaði í byrjun maí og flestir eru þeir farnir í lok ágúst. Þeir sækja lítið í fjörur og leirur.^{1 3}

Þann 7. Júlí 1986 var spóaungi merktur við Útskálahamar í Kjós. Þremur árum seinna fannst hann við Kaolack, Senegal í Afríku, 5595 km frá merkingarstað.



Spói.

©2012 Björgvin Sigurbergsson
Björgvin Sigurbergsson

Fjöruspói (*Numenius arquata*)

er sjaldgæfur varpfugl hér á landi.

Hann er nokkuð stærri en spóinn okkar og heldur sig í fjörum yfir veturinn eins og nafnið gefur til kynna. Hann hefur einu sinni sést við Bláskeggsárós en á undanförunum árum hefur komið í ljós að nokkrir fuglar halda til í Grunnafirði í Leirársveit á vetrum.⁸⁶



Fjöruspói

Björgvin Sigurbergsson

Stelkurinn (*Tringa totanus*)

er algengur varpfugl á svæðinu, einkum nærri ræktuðum svæðum. Hann kemur snemma á vorin og varp hefst í byrjun maí. Meðan fuglar eru á hreiðrum ber lítið á þeim en um leið og ungar hafa skriðið úr eggjum verða þeir mjög áberandi, standandi á girðingum með öllum vegum. Stelkurinn sækir á leirur voganna bæði vor og haust og sést þá gjarnan mest í Laxárvogi og Botnsvogi. Nokkrir fuglar sjást flest ár í Hvalfirði yfir veturinn, gjarnan í Brynjudalsvogi.^{1 3}



Stelkur.

Björgvin Sigurbergsson

Óðinshani (*Phalaropus lobatus*)

var mun algengari áður fyrr og mátti finna hvarvetna þar sem kjörlendi fyrir hann er. Honum fækkaði mjög upp úr 1980 og eftir síðustu aldamót hefur hann varla sést á svæðinu. Helst er að sjá staka eða örfáa fugla á Hurðarbakssefi eða öðrum votlendum í Laxárdal. Undantekning frá þessu var 2018 en þá sáu þeir allmikið og víða en aftur lítið 2019.³



Óðinshani.

Björgvin Sigurbergsson

Kjóí (*Stercorarius parasiticus*)

var algengur varpfugl frá fjöru til fjalla. Honum fór mjög fækkandi upp úr 1980 og mátti heita sjaldgæfur hér um slóðir í byrjun þessarar aldar. Hann virðist þó aðeins vera að rétta úr kútnum þó ekkert sé það í líkingu við það sem áður var.



©2012 Björgvin Sigurbergsson

Kjóí.

Björgvin Sigurbergsson

Skúmur (*Catharacta skua*)



Skúmur.

Jóhann Óli Hilmarsson

Þrjár heimildir geta um skúm á svæðinu, allar frá málsmetandi aðilum og vera má að þeir hafi sést hér áður fyrr þó þeirra hafi ekki orðið vart á seinni árum. Finnur Guðmundsson fuglafræðingur fór bátsferð frá Reykjavík upp í Hvalfjörð 20. apríl 1937. Hann skráir; „Stere. sk. sk. : Strjálíngur á leiðinni frá Reykjavík upp í Hvalfjarðarmynni.“¹⁷ Leiðangur fuglafræðinga frá Cambridge 1970, Skráir 15. maí,

„1 pair at Hvaleyri“ og 26. Júlí; „3 at Hvaleyri.“⁴⁶ Jóhann Óli Hilmarsson skráir 3. júní 1973; „Hvammsvík, skúmur 1“⁴

Dvergmáfar (*Hydrocoloeus minutus*)

sjást alloft hér á landi og hafa orpið. Hann hefur nokkrum sinnum verið skráður á svæðinu, í öllum tilvikum hefur verið um staka ungfugla að ræða. Tilvik eru eftirfarandi; Miðsandur 14. september 1973.⁶¹ Hvalfjarðareyri 7.-8. júní 1992 og líklega sami fugl við Miðsand 13. júní sama ár.⁸⁷ Bugða við útfall Meðalfellsvatns 29. maí 2000.⁵⁹ Búðasandur 10. maí 2010 og sennilega sami fugl við Bugðu 17. maí sama ár.⁸⁸ Báðir fuglarnir sem sáust við Bugðu voru að taka mý sem þá var að lifna.³



Dvergmáfur.

Björgvin Sigurbergsson

Trjámáfur (*Chroicocephalus philadelphia*)

er sjaldgæfur flækingur hér á landi. Einn fullorðinn trjámáfur sást með hettumáfum í Botnsdal 12.-13. júní 1980. Hann er nauðalíkur hettumáfi en er þó alltaf með svartan gogg en hettumáfurinn hefur rauðan.



Trjámáfur, ungfugl.

Björgvin Sigurbergsson

Hettumáfur (*Chroicocephalus ridibundus*)

hóf varp hér á landi í byrjun síðustu aldar⁴⁰ og líklegt að hann hafi numið Hvalfjörð um miðja öldina. Fyrsta heimild um hann hér er frá 1953, þann 11. janúar sáust um 30 við hvalstöðina að Miðsandi.¹⁷ Hann er nú mjög algengur og hefur orpið víða. Varp hans náði hámarki á níunda áratugnum en fór svo mjög hnignandi á þeim tíunda og hefur ekki náð sér á strik síðan. Í hólmanum í Meðalfellsvatni hefur hann helst haldið velli enda varpið best varið fyrir afráni ferfætlinga en tvífætlingar hafa þó nýtt varpið

eitthvað. Við Eyjatjörn urpu þeir mikið áður fyrr, allt að 50 pör þegar best lét. Víða hafa sprottið upp smá vörp hér og þar en lagst af jafn harðan eða innan fárra ára. Vor og haust sækja þeir á leirur voganna í hundraða tali og nokkur hópur sést þar allan veturinn ef milt er í veðri.^{1 3}



Hettumáfur. Björgvin Sigurbergsson

Hringmáfur (*Larus delawarensis*)

sást í fyrsta skipti hér á landi við Miðsand 3.-4. september 1978 og er það eina tilvikið á svæðinu en hann sést nú árvisst hér á landi. Hann er í fljótu bragði séð mjög líkur stormmáfi.



Hringmáfur.

Björgvin Sigurbergsson

Stormmáfur (*Larus canus*)

Er sjaldgæfur varpfugl á svæðinu.³ Hann fannst fyrst verpandi hér á landi 1955.⁸⁹ Hann verpur hér hvergi að staðaldri nema við Dalsmynni á Kjalarnesi þar sem 1-3 pör hafa orpið alllengi. Hann hefur þó orpið tilfallandi við Norðurkot, á Hvalfjarðareyri og líklega við Hvammsvík. Árið 1985 og 1986 varp eitt par á bryggjunni í Hvítanesi. Stormmáfar fara hér um í stórhópum síðsumars og sjást þá gjarnan á túnum en þegar líður á haustið eru þeir í vogunum og nokkuð sést jafnan af þeim yfir veturinn.³



Stormmáfur.

Jóhann Óli Hilmarsson

Sílamáfurinn (*Larus fuscus*)

nam Ísland í byrjun síðustu aldar og upp úr 1920 fannst hann verpandi í síauknum mæli um sunnanvert landið og varp var staðfest á Akrafjalli 1954.⁹¹ Það er því líklegt að hann hafi byrjað varp hér á svæðinu um svipað leyti. Hans er getið í fuglalista frá Kiðafelli 1941⁸¹ en 1964 er hann orðinn algengur í Hvalfirði.⁹³ Um og upp úr 1970 verpur hann hvarvetna í fjöllum umhverfis Hvalfjörð. Stór vörp voru m.a á Eyrarfjalli, Reynivallahálsi og Múlafjalli, voru þau nytjuð.³ Á árunum frá 1960 til 1980 voru

refir sjaldséðir á Suðvesturlandi⁹² og þótti frétt næmt ef til þeirra spurðist á þessu tímabili. Um 1980 varð aftur mikil og ör fjölgun refs⁹² sem varð til þess að fuglinn varð friðlaus af hans völdum í vörpunum og lögðust þau meira og minna af á níunda áratugnum. Fór þá að bera á smá vörpum með ströndinni. T.d. urpu nokkur pör með sjónum í landi Norðurkots, Kiðafells og Útskálhamars.

Á síðustu árum hefur orðið til allnokkurt varp í Hálsnesi með tugum varppara. Þeir reyna þó fyrir sér með varp inn til landsins öðru hverju og hafa t.d. sést nokkur pör í varpi í hlíðum Reynivallaháls ofan við Sogn í Laxárdal á síðustu árum.³

Þó sílamáf hafi fækkað sem varpfugli er hann enn algengasti máfurinn og sést í stórhópum á túnum og í úthaga, einkum á vorin og snemmsumars. Þessir hópar virðast vera að taka skordýr af einhverju tagi. Mikill fjöldi safnast oft saman í firðinum þegar risaskeri (*Nereis virens*) veður í vogunum. Þann 1. júní 1990 var áætlað að 9-10 þúsund sílamáfar væru í innanverðum firðinum við slíkar aðstæður.³



Sílamáfur í vetrarbúningi

Björgvin Sigurbergsson

Silfurmáfur (*Larus argentatus*)

er enn ein tegundin sem fór að verpa hér á landi fyrir miðja síðustu öld og var lengst af að mestu bundin við austanvert landið.⁹⁰

Hans er ekki getið í fuglalista frá Kiðafelli 1941⁸¹ en er fyrst getið í heimild frá 1964 er þrír fuglar sáust innst í firðinum í vetrartalningu

Náttúrufræðistofnunar. Tveir fuglar sáust á Hvalfjarðareyri þann 15. maí 1970.⁴⁶ Upp úr því fór að verða vart við þá í auknu mæli og má svo heita að hann sé nú einna algengastur




Silfurmáfur.

Björgvin Sigurbergsson

stórra máfa yfir vetrarmánuðina í Hvalfirði.³

Vetrartalningar Náttúrufræðistofnunar árin 2002-19 sýna glögg fjölgun hans á tímabilinu. Hann mun hafa fundist verpandi í Þyrilsnesi fyrir 1994 og einnig í Akrafjalli.⁵ Eitt hreiður fannst í landi Kiðafell 1998 og úr því fór einnig að bera á varpi með sjónum í löndum Norðurkots og Útskálahamars þar sem á tímabili urpu um 10 pör. Hann er þó enn strjáll varpfugl með ströndinni en verpur nú einkum innan um sílamáfa í Hálsnesi.³ Silfur máfurinn er hafrænni en aðrir máfar og sést lítið inn til landsins.



Graf 11. Fjöldi silfur máfa í Hvalfirði í vetrartalningum NÍ á svæðinu frá Saurbæ á Kjalarnesi að Miðsandi.

Bjartmáfur (*Larus glaucoideus*)

er hánorrænn vetrargestur hér á landi.⁴⁰ Hann sést ekki mikið í Hvalfirði en þó stundum slæðingur af honum. Hann er helst áberandi snemma á vorin þegar nokkrir fuglar sjást gjarnan með sílamáfum í ætisleit inn til landsins.³ Hann er líkur hvítmáf en allur nettari og léttbyggðari.




Bjartmáfur.

Jóhann Óli Hilmarsson

Hvítmáfur (*Larus hyperboreus*)

hefur alla tíð verið viðloðandi í Hvalfirði. Hann sækir þar í sjávarfang og situr gjarnan um æðarfuglinn og rænir hann ætinu. Árin 1964-65 voru hvítmáfar mjög algengir í firðinum en mestur var fjöldinn að haustinu. Yfir sumarmánuðina sáust eingöngu ókynþroska fuglar⁹³ sem bendir til að þá hafi ekkert varp verið á svæðinu. Árið 1990 er talið að eitt par hafi orpið í Þyrilsnesi og 1991 fundust 23 pör verpandi í Akrafjalli upp af Kúludalsá.⁵ Í talningum í Hvalfirði 1993 sást töluvert af



Graf 12. Fjöldi hvítmáfa í Hvalfirði í vetrartalningum NÍ á svæðinu frá Saurbæ á Kjalarnesi að Miðsandi.

fullorðnum fuglum sem hafa þá tengst þessu varpi.¹ Á níunda áratugnum var stofninn e.t.v. í sögulegu hámarki en hefur farið hratt minnkandi síðan⁹⁵ og líklega verpur hann ekki leggur á svæðinu.³ Hvítmáfurinn sækir lítið inn til lands, það er helst að sjá hópa í flóðsetri allfjærri sjó, t.d. í Laxárdal.



Hvítmáfur.

Björgvin Sigurbergsson

Svartbakur (*Larus marinus*)


var lengst af algengur varpfugl á svæðinu, einkum til fjalla. Varp hann til að mynda efst á Esju og innst í Blikdal á 4. og 5. áratug síðustu aldar og mun það hafa verið stórt varp sem var nytjað, bæði egg og ungar.⁹⁶ Ekki er vitað hvenær það lagðist af. Hann varp þó sennilega á flestum fjöllum umhverfis Hvalfjörð allt fram yfir 1980 en hraktist þá eins og sílamáfurinn undan



Svartbakur.

Jóhann Óli Hilmarsson

ágangi refs niður að ströndinni. Svartbak hefur fækkað gríðarlega á síðustu áratugum, ekki bara hér um slóðir heldur á landsvísu.⁹⁷ Nú verpa stök pör með ströndinni og sést hefur til varppara á breiðum syllum í Reynivallahálsi upp af Hvammsvík. 1-2 pör verpa árlega við Meðalfellsvatn en annars er fátítt að finna hann verpandi inn til landsins. Þeir sjást þó við sjávarsíðuna allan ársins hring og virðist fara heldur fjölgandi á ný.³



Graf 13. Fjöldi svartbaka á Hvalfirði í vetrartalningum NÍ á svæðinu frá Saurbæ á Kjalarnesi að Miðsandi.

Rita (*Rissa tridactyla*)

hóf líklega varp í Geirshólma á áttunda áratug síðustu aldar og vitað er að árið 1981 voru þar 271 hreiður. Tveimur árum síðar var hún einnig farin að verpa í sjávarklettum í Þyrilsnesi og fundust þar 66 hreiður.⁹⁹ Árið 2007 urpu 274 pör í eyjunni en hreiðrum í nesinu hafði fjölgað í 263. Á sama tíma hafa rituvörp verið í sókn á Kjalarnesi bæði við Brautarholt og á Brimnesi.⁹⁸ Á varptíma koma þær mikið að ós Fossár í Hvalfirði til að baða sig og snyrta en annast verður þeirra lítið vart.



Rita á hreiðri.

Björgvin Sigurbergsson

Kría (*Sterna paradisaea*)

má heita algeng á svæðinu þó varp hennar hafi dregist mikið saman á síðustu áratugum. Allt fram á níunda áratug síðustu aldar mátti ganga að nokkrum vörpum vísu með ströndinni, með tugum varppara.³ Líklegt er að aukið afrán og síðar fæðuskortur hafi ollið fækkun þeirra. Stök pör eða nokkur saman verpa inn til landsins, á áreyrum og í nágrenni vatna. Vörpin eru þó óstabíl og mikill breytileiki í fjölda varppara milli ára.



Kría.

Björgvin Sigurbergsson

Tígul / kolperna (*Chlidonias sp.*)

Þann 17. júní 1962 sást ein ógreind þerna við Eyjatjörn sem athugandi taldi líklega vera tígulþernu en ekki fékkst óyggjandi staðfesting á því hvort um tígul- eða kolþernu hafi verið að ræða.⁶¹

Langvía (*Uria aalge*)

er mjög sjaldséð frá landi inni á firðinum en það kemur þó fyrir.³ Algeng úti á flóanum.¹⁷



Langvía.

Jóhann Óli Hilmarsson

Álka(*Uria torda*)

Sést alloft inni á firðinum, alt inn að Hvítanesi.³ Algeng úti á flóanum.¹⁷



©2015 Björgvin Sigurbergsson

Álkur.

Björgvin Sigurbergsson

Haftyrðill (*Alle alle*)

Þessi smávaxni svartfugl sést alloft á firðinum að vetrarlagi.³ Oftast eru það stakir fuglar sem sjást en fyrir kemur að þeir sjáist í stór hópum eins og þann 1. janúar 2007 er allt að 100 fuglar sáust á Hvammsvík og víðar.¹¹⁶



©2015 Björgvin Sigurbergsson

Haftyrðill.

Björgvin Sigurbergsson

Teista (*Cepphus grille*)

verpur nokkuð í klettum og urðum með ströndinni. Oftast eru það stök pör en á a.m.k. tveim stöðum verpa nokkur pör. Er það í svokölluðum Hamraendum vestan við Hvalfjarðareyri og í gömlu bryggjunni í Hvítanesi þar sem þær verpa í gatriðguðum bryggjupollunum og víratrossum. Hún sést á firðinum allan ársins hring.³



Teista.

Björgvin Sigurbergsson

Lundinn (*Fratercula arctica*)

er algengur á firðinum á sumrin enda verpur mikið af honum í Geirshólma út af Miðsandi. Árið 1989 voru taldar 7000 hreiðurholur í hólmanum.¹¹⁷ Miðað við 75% ábúð má ætla að um 5250 pör verpi þar.¹¹⁸



Lundi.

Björgvin Sigurbergsson

Um aldamótin 1700 munu lundar einnig hafa orpið í Hvammsey.¹¹⁵ Ekki er vitað hvenær það varp lagðist af. Lundans verður lítið vart nærri landinu en úti á firðinum má sjá fjölda fugla á stöðugu flugi inn og út fjörð.

Snæuglan (*Bubo scandiacus*)

er mjög sjaldséð á svæðinu. Friðrik Sigurbjörnsson getur þess í bréfi til Náttúrugripasafnsins 1941 að snæugla hafi sést við Kiðafell.⁸¹ Ein sást við Grundartanga handan fjarðar í júlí 1976.⁶¹



Snæugla.

Jóhann Óli Hilmarsson

Brandugla (*Asio flammeus*)

Allt fram á tíunda áratug síðustu aldar þótti viðburður að sjá branduglur á svæðinu en stakar athuganir eru þó til skráðar allt frá um 1940. Hreiður hennar fannst í nágrenni Grundartanga norðan fjarðar 1990⁵ og varð hennar æ oftast vart hér um slóðir upp frá því. Fjöldi þeirra var í hámarki um 2010 og er víst að



Brandugla.

Björgvin Sigurbergsson

nokkur pör urpu þá á svæðinu. Hún verpur gjarnan á mýrarflóum, einkum þar sem víðihríslur eru. Hreiður hennar hafa fundist við Fossá og í Hálsnesi en líkur eru á að hún hafi einnig orpið við Saurbæ á Kjalarnesi, Eyri og á Laxárnesflóa og e.t.v. víðar á þeim árum. Henni hefur þó fækkað aftur á síðustu árum en hennar verður þó vart árlega og líklegt að 1-2 pör verpi nú á svæðinu. Stöku fuglar sjást að vetrarlagi, einkum í skógarlundum.³

Múrsvölungur (*Apus apus*)

Er algengur flækingur hér á landi en hefur þó aðeins einu sinni verið skráður á svæðinu. Þann 11. júní 2013 sást einn á flugi við Kiðafell.³ (Þann 10. nóvember 2018 sást svölungur á flugi við Kiðafell sem talið er líklegt að hafi verið fölsvölungur (*Apus pallidus*) en ekki tókst að staðfesta það. Sú tegund hefur ekki sést hér á landi áður svo vitað sé).^{3 45}




Múrsvölungur.

Jóhann Óli Hilmarsson

Landsvala (*Hirundo rustica*)

er algengur flækingur hér á landi, einkum á vorin og stundum verpa stök pör. Hér sést hún alloft.^{61 70 100 101}

Sumarið 2003 varp þar að Sogni í Kjós og kom upp 4 ungum.¹⁰² Í ágúst 2009 sáu 3-4 landsvölur á flugi við Kiðafell og voru þar í nokkra daga. Ekki er ólíklegt að þær hafi orpið þá um sumarið einhverstaðar á svæðinu.^{3 100}



Landsvala.

Björgvin Sigurbergsson

Bæjarsvala (*Delichon urbicum*)

Er heldur fátíðari en landsvalan en sést þó stundum á vorin.^{3 87}
Hún hefur orpið hér á landi.



Bæjarsvala.

Jóhann Óli Hilmarsson

Þúfuttlingurinn (*Anthus pratensis*)
er einn algengasti fugl landsins. Hér
er hann mjög algengur og verpur
hvarvetna út um móana.



Þúfuttlingur.

Björgvin Sigurbergsson

Straumerlan (*Motacilla cineræ*)
er alltiður haustflækingur hér á
landi. Einn fugl sást í nokkur skipti
við Kiðafell haustið 2016. Hélt hún
sig við affall frá hitaveitu.



Straumerla.

Björgvin Sigurbergsson

Mariuerlan (*Motacilla alba*)

er algeng og verpur má heita við hvern bæ. Hún er sannkallaður vorboði og gleðigjafi margra þar sem hún spígsporar um verandir snemma vors.



Mariuerla.

Björgvin Sigurbergsson

Silkitoppa (*Bombycilla garrulous*)

er flækingur hér á landi og kemur stundum í stórhópum. Stök pör hafa orpið hér á landi síðustu ár.¹¹³ Hún var fyrst skráð hér á svæðinu í desember 2008 en þá sást einn fugl í skógrækt í Brynjudal⁵⁸ og rytja af fugli fannst við Kiðafell. Við Kiðafell sást svo ein 30. október 2009 og aftur a.m.k. tvær 9. nóvember 2016.³



Silkitoppa.

Björgvin Sigurbergsson

Músarrindillinn (*Troglodytes troglodytes*)

hefur væntanlega orpið um langt skeið í innanverðum Hvalfirði þar sem dalir eru kjarri vaxnir. Í Botnsdal voru þeir a.m.k. verpandi 1949.¹⁰⁶ Með aukinni skógrækt síðustu ára hefur orðið vart við þá í varpi eða með varpatferli viðar s.s. í Hálsnesi, við Stekkjarflöt, Reynivöllum og í Vindáshlíð.³ Það er þó athyglisvert að þeir hafa ekki enn fundist verpandi sunnan Laxár þrátt fyrir að víða finnist þar kjörlendi. Á vorin og haustin sést hann hvarvetna og er greinilega umferð fugla hér um.

(Fugl sem merktur var við Kiðafell

03.10. '18 fannst aftur um 17.11. '18 á Hellu, Rangárvöllum). Yfir veturinn sjást hér stöku fuglar og gera þeir sig stundum heimakomna í útihúsum.



Músarrindill.

Björgvin Sigurbergsson

Glóbrystingur (*Erithacus rubecula*)

er algengur haustflækingur hér á landi og verpur stundum.⁸⁶

Veturinn 1960 – 1961 dvaldi einn fugl vetrarlangt við Botnsskála í Hvalfirði og varp 4 eggjum í skókassa um vorið en þar sem hún var ein á ferð voru eggin vitanlega ófrjó.⁵

Glóbrystingar sækja gjarnan þangað sem fuglum er gefið. Haustið 1987 hélt sig einn fugl við Kiðafell frá því í október og fram í desember. Ekki varð aftur vart við þá fyrr en haustið 2016 að einn fugl fannst við Kiðafell. Veturinn 2017-’18 var einn kostgangur við Baulubrekku³ og veturinn eftir við Stekkjarflöt.¹⁰⁹



Glóbrystingur.

Björgvin Sigurbergsson

Steindepill (*Oenanthe oenanthe*)

er algengur varpfugl á svæðinu einkum í urðóttum fjallshlíðum. Hann er fyrst og fremst fugl berangurs og hverfur fljótt af svæðum sem friðuð eru fyrir beit eða tekin undir skógrækt. Honum virðist heldur hafa fækkað á síðustu áratugum.



Steindepill, karlfugl.

Björgvin Sigurbergsson

Svartpröstur (*Turdus merula*) var áður fyrr algengur flækingur hér á landi en hefur á síðustu áratugum numið hér land og orpið í Reykjavík að staðaldri frá 1991.⁵ Svartpröstur er fyrst skráður hér 1984, við Kiðafell³ en litlar sem engar heimildir eru til frá fyrri tíð. Um og upp úr 1996 fór að verða reglulega vart við svartpresti hér á svæðinu en það var ekki fyrr en vorið 2009 sem varp var staðfest við Kiðafell³ og Stekkjarflöt¹⁰⁹ en líklegt er að þeir hafi byrjað hér varp nokkru fyrr. Hann er nú algengur víðast hvar á svæðinu þar sem þroskaða skógrækt er að finna og virðist vera að mestu staðfugl. Hann sækir mikið í fóðurgjafir að vetrinum.



Svartþröstur, karlfugl.

Björgvin Sigurbergsson



Svartþröstur, kvennfugl.

Björgvin Sigurbergsson

Gráþröstur (*Turdus pilaris*)

er algengur haust og vetrargestur hér á landi og hefur orpið.¹¹³ Fyrsta skráða tilfelli hér á svæðinu er frá 29. okt. 1984 en þá sást einn við Kiðafell. Úr því sáust gráprestir annað slagið en nú síðari ár má heita að þeir sjáist árvíst, einkum þar sem fuglum er gefið að vetrinum. Þeirra verður vart í október eða nóvember og dvelja stundum fram á vor. Haustið 2001 kom mikill fjöldi gráprasta hingað til lands. Þann 4. nóvember það ár sáust um 50 fugla hópur á flugi við Möðruvelli.³



Gráþröstur.

Björgvin Sigurbergsson

Skógarþrösturinn (*Turdus iliacu*)

er með algengari fuglum, einkum þar sem nokkur trjágróður er. Áður en skógrækt hófst má gera ráð fyrir að skógarprestir hafi orpið á svæðum þar sem náttúrulegt kjarr hafi verið s.s. í Botnsdal, Brynjudal og víðar. Honum hefur fjölgað mikið með aukinni skógrækt. Vorið 1941 dvaldi Friðrik Sigurbjörnsson á Kiðafelli og skráði m.a. farfuglakomur. Prestir sáust þá á tímabilinu frá 21. mars til 21. apríl en urpu ekki við Kiðafell.⁸² Eftir að skógrækt hófst þar um 1950 tóku þeir fljótlega að verpa og verpa þar nú 20 – 30 pör árlega.³ Hann er að mestu farfugl en nú síðari ár hefur færst í vöxt að hann hafi hér vetrardvöl. Kemur þar til mildari vetur og aukin fóðurgjöf.



© Björgvin Sigurbergsson 2011

Skógarpröstur.

Björgvin Sigurbergsson

Mistilpröstur *Turdus viscivorus*

er sjaldgæfur
flækingur hér á landi.
Einn fugl kom í
fóðurgjöf að Kiðafelli
í desember 2014
(05.– 30.
desember).³



Mistilpröstur, Kiðafelli í desember 2014

Björgvin Sigurbergsson

Hettusöngvari (*Sylvia atricapilla*)

Mjög algengur haustflækingur. Sást fyrst við Kiðafell í október 1990.⁶⁸ Hann hefur sést alloft síðan við Kiðafell. Sækir hann gjarnan þangað sem borið er út æti fyrir smáfugla, einkum er hann sólginn í epli. Hettusöngvarar hafa orpið hér á landi og ekki ólíklegt að þeir komi til með að setjast hér að.



Hettusöngvari, kvennfugl.

Björgvin Sigurbergsson



Hettusöngvari, karlfugl.

Björgvin Sigurbergsson

Garðsöngvari (*Sylvia borin*)

Algengur haustflækingur hér á landi frá Evrópu. Hann hefur fjórum sinnum sést við Kiðafell að hausti. (1996, 2002, '03 og '10)^{69 107 53 88}



Garðsöngvari.

Jóhann Óli Hilmarsson

Hnoðrasöngvari (*Phylloscopu inornatus*)

hefur verið algengur haustflækingur hér á landi síðustu ár. Hann kemur frá N- og Mið-Asíu. Einn fugl sást við Kiðafell haustið 2018.



Hnoðrasöngvari.

Jóhann Óli Hilmarsson

Grænsöngvari (*Phylloscopus sibilatrix*)

Fremur sjaldgæfur haustflækingur frá Evrópu.

Þessi tegund sást dagana 24.-25. september 2008 við Kiðafell.⁶⁰



Grænsöngvari, Kiðafelli 25. Sept. 2008

Sigmundur Ásgeirsson

Gransöngvari (*Phylloscopus collybita*)

er algengur haustflækingur hér á landi. Einn fugl sást við Kiðafell 17. október 2001¹⁰⁵ og 9. - 11. október 2010.⁸⁸ Gransöngvarar hafa orpið hér á landi.⁸⁶



Gransöngvari.

Björgvin Sigurbergsson

Laufsöngvari (*Phylloscopus trochilus*)

Algengur haustflækingur hér á landi. Einn fugl sást þann 17. október 1998 við Kiðafell.¹⁴ Laufsöngvari hefur orpið hér á landi.¹¹³



Laufsöngvari.

Björgvin Sigurbergsson

Glókollur (*Regulus regulus*)



©2014 Björgvin Sigurbergsson

Glókollur.

Björgvin Sigurbergsson

hefur lengi verið þekktur sem haustflækingur hér á landi. Haustið 1995 kom hingað til lands óvenju stór ganga og spratt af henni varpstofn í kjölfarið.¹⁰⁸ Það var einmitt haustið 1995 sem þeirra varð fyrst vart við Kiðafell, þann 14. október.³ Síðan þá hafa þeir verið allgengir í trjálundum á svæðinu þó áraskipti séu á fjölda. Þessi örsmái fugl er hér staðfugl og ganga harðir vetur stundum nálægt stofninum. Hann er skordýraæta fyrst og fremst og virðist einkum lifa á grenilús. Skógrækt er því alger forsemda fyrir því að hann fái hér þrifist. Hann er minnsti fugl Evrópu, vegur 6-7 gr.

Peðgrípur (*Ficedula parva*)

Sjaldgæfur haustflækingur.
Einn fugl sást við Kiðafell
10.-11. Október 2010.⁸⁸



Peðgrípur.

Jóhann Óli Hilmarsson

Flekkugrípur (*Ficedula hypoleuca*)

Fremur fátíður
haustflækingur. Einn fugl
sást þann 9. október 2008
við Kiðafell.³



Flekkugrípur.

Jóhann Óli Hilmarsson

Hrafn (*Corvus corax*)

er algengur varpfugl og verpur á sömu
slóðum ár eftir ár. Honum virðist þó
hafa fækkað heldur hin síðari ár.
Líklega hefur betri frágangur á sorpi
haft áhrif á fjölda þeirra.



Hrafn.

Björgvin Sigurbergsson

Stari (*Sturnus vulgaris*)

hóf að verpa í Reykjavík
um 1960 og virðist hafa
breiðst þaðan út til
nágranna byggðarlaga.
Fyrst var varp þeirra
staðfest hér 1979 en þá
urpu 1-2 pör við
Olíustöðina að
Miðsandi¹⁰³ og 1 par
varp við Kiðafell það ár
og kom upp ungum.³
Ekkert spurðist til stara
aftur fyrr en 1986 en
það ár varp eitt par við
bæinn Hækingsdal¹⁰⁴ og
ein fugl sást í Hvítanesi
30. júní.³



Stari.

©2013 Björgvin Sigurbergsson

Björgvin Sigurbergsson

Árið 1987 reyndu starar varp við Kiðafell³ og fuglar sáust í varpi í Hvammsvík.¹² Auk þess sást varplegur fugl við Meðalfellsvatn.³ Árið 1988 urpu starar að Sogni í Laxárdal,³ í sumarhúsaðverfi í Norðurnesi við Möðruvelli⁴ og tvö til þrjú pör urpu við Kiðafell. Um miðjan júlí það ár sást þar 40-50 fugla hópur.³ Af framangreindu má ráða að starar hafi lagt undir sig Kjós á árunum 1986 til 1988. Þrátt fyrir viðleitni manna til að halda honum frá híbýlum sínum og gripahúsum, jafnvel með massífum útrýmingar herferðum,²⁸ hefur honum vegnað vel og má síðsumars sjá hópa með hundruðum fugla. Árið 1998 varð vart við stóra verpandi í klettum við Kiðafell, virtist þar vara um allmörg pör að ræða og því líklegt að hann hafi tekið upp slíkt háttarlag nokkru fyrr. Síðar sáust fuglar í varpi í Meðalfelli, Reynivallahálsi og víðar. Þessi búskaparháttur hans á síðustu árum virðist hafa dregið úr ásókn hans í híbýli. Núorðið sjást starar á svæðinu árið um kring, þó lítið yfir háveturinn en í mars eru þeir mættir til að kanna varpstaði sína. Þeir halda sig mikið kringum stórgripi á útigangi að haustinu og sitja gjarnan á baki þeirra.³

Græningi (*Vireo olivaceus*)

Þessi ameríski flækingur hefur fjórum sinnum sést við Kiðafell að hausti, 1995, 2000, 2015 og 2018. Fuglinn 2015 fannst nýlega dauður en hinir voru sprækir.^{3 114}



Græningi.

Jóhann Óli Hilmarsson

Bókfinkan (*Fringilla coelebs*)

er algengur flækingur hér á landi og hefur orpið.⁵ Einn fugl hélt til við Stekkjarflöt veturinn 2018-19.^{3 109}



Bókfinka.

©2013 Björgvin Sigurbergsson
Björgvin Sigurbergsson

Fjallafinkan (*Fringilla montifringilla*)



Fjallafinka.

Jóhann Óli Hilmarsson

er algengur flækingur hér á landi og hefur orpið.⁵ Hefur sést í nokkur skipti við Kiðafell, oftast að hausti til.^{59 85 100 107}

Barrfinka (*Carduelis spinus*)

er flækingur hér á landi en hefur orpið alloft á síðustu árum.⁸⁶ Nokkrir fuglar sáuð við Kiðafell haustið 2008.⁶⁰



Barrfinka, kvennfugl.

Björgvin Sigurbergsson



Barrfinka, karlfugl.

Björgvin Sigurbergsson

Auðnutittlingur (*Carduelis flammea*)



Auðnutittlingur.

Björgvin Sigurbergsson

er alfarið bundinn við skóglendi hvað varp og viðkomu snertir. Hann hefur því framan af verið fátíður á svæðinu og fannst t.d. ekki í Botnsdal 1949 þrátt fyrir að kjörlandi hafi verið þar til staðar.⁵ Með aukinni skógrækt hafa þeir numið hér land og verpa nú víða. Elsta heimild um tegundina er frá 1973 en þá sást 1 fugl við Háls í janúar.²² Fyrst voru þeir skráðir við Kiðafell í maí 1977 en voru þá fáséðir.³ Árið 1980 fannst fyrst hreiður við Kiðafell og hafa þeir orpið flest ár upp frá því. Þeir verpa nú víða á svæðinu, einkum þar sem birki er að finna.³ Auðnutittlingar eru mest áberandi á haustin og fara þá gjarnan um í hópum, tugum eða jafnvel hundruðum saman. Þeirra aðalfæða eru birkifræ.

Merkingar hafa sýnt að mikil yfirferð er á fuglunum á haustin. Fugl sem merktur var á Akureyri 8. 10 '18 náðist aftur að Kiðafelli 14. 10 '18.

Hrímtittlingur (*Carduelis hornemanni*)

er náskyldur auðnutittlingi og nauðalíkur honum en þó allur ljósari á fiður. Hrímtittlingar verpa á Grænlandi og sjást stöku sinnum hér um slóðir.



Hrímtittlingur.

Björgvin Sigurbergsson

Krossnefurinn (*Loxia curvirostra*)



Krossnefir, karlfuglarnir rauðir.

Björgvin Sigurbergsson

er ein af þeim tegundum sem sest hefur hér að með aukinni skógrækt. Áður fyrr voru þeir býsna algengir flækingar hér á landi. Talið er að þeir hafi orpið hér á landi árvist frá 2008.¹¹³ Krossnefir voru fyrst skráðir á svæðinu í júní 1985 en þá sást einn fugl við Kiðafell.¹¹¹ Þeirra varð aftur vart við Kiðafell í júlí 1990⁶⁸ og 2001 sáust um 50 fuglar í skógræktinni í Botnsdal auk nokkurra við Kiðafell og Reynivelli.¹⁰⁵ Á síðustu árum má heita árvist að rekast á krossnefi^{3 45 112} og vafa lítið verpa þeir á svæðinu þó aldrei hafi það verið staðfest. Varptími þeirra er heldur óhefðbundin og geta þeir orpið um hávetur ef því er að skipta og ræðst það af fæðuframboði hverju sinni en þeir lifa einkum á fræi grenis og furu.

**Kjarnbítur (*Coccothraustes*
Coccothraustes)**

er sjaldgæfur flækingur hér á landi. Einn fugl gerði stuttan stans þann 3. maí 2014 á sumarbústaðarlóð við Meðalfellssvatn.¹¹⁰



Kjarnbítur.

Jóhann Óli Hilmarsson

Snjótittlingur (*Plectrophenax nivalis*)



Snjótittlingur að vetri.

Björgvin Sigurbergsson

Með hlýnandi loftslagi síðustu ára hefur orðið veruleg breyting á varpi snjótittlingsins. Á árunum 1970 - '90 urpu þeir hér víða, jafnvel á láglendi en nú verður þeirra varla vart í varpi fyrr en komið er í 6 – 700 m. y.s.m. Á vetrum eru þeir þó enn nokkuð algengir og fara stundum um í stórhópum. Sækja þeir þá gjarnan á þá staði þar sem útigangi er gefið.

Þakkir

Ég vil þakka Jóhanni Óla Hilmarssyni fyrir yfirlestur handrits og færa mart til betri vegar.

Björgvin Sigurbergsson, Jóhann Óli, Sigmundur Ásgeirsson og Einar Ólafsson lögðu til myndir og fá þeir allir bestu þakkir fyrir.

Einnig vil ég þakka öllum sveitungum sem veitt hafa upplýsingar um fugla sem og vinum, lærðum og leikum.

Kjósarhreppur veitti styrk úr Samfélagssjóði til verkefnisins en án hans hefði rit þetta seint orðið að veruleika, takk fyrir það.

Lokaorð

Þetta rit er enginn endapunktur á fuglaathugunum á svæðinu. Fuglar halda áfram að koma og fara, og þeir sem búa yfir upplýsingum um fugla eru hvattir til að hafa samband við höfund.

Netfang: bjhj@centrum.is S; 8521339

Heimildir

- 1 Björn Hjalton. Fuglatalningar í Hvalfirði 1992 -'93 (samanburður við eldri talningar). Óbirt handrit.
- 2 R.Hörring 1905-'06. Óbirtar dagbækur, varðveittar á Náttúrufræðistofnun.
- 3 Björn Hjalton 1977-2019. Óbirtar dagbækur.
- 4 Jóhann Óli Hilmarsson 1973-1989. Óbirtar dagbækur.
- 5 Kristinn H. Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson og Jóhann Óli Hilmarsson 1994. Útbreiðsla varpfugla á Suðvesturlandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunnar nr. 25
- 6 Óðinn Elísson 2005-2016. Munnlegar upplýsingar
- 7 Ævar Petersen 2010. Skriflegar upplýsingar.
- 8 Þröstur Jónsson 2010. Munnlegar upplýsingar.
- 9 Þorsteinn Þorvarðarson / Jóhanna Helga Þorkelsdóttir 2011. Munnlegar upplýsingar.
- 10 F. Faber 1819-'21. Dagbók úr Íslandsferð.
- 11 Þorkell L. Þórarinsson 2004. Stofnstærðarmat og útbreiðsla íslenska flórgoðastofnsins. Náttúrustofa Norðausturlands
- 12 Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1987-2015. Munnlegar upplýsingar.
- 13 Náttúrufræðistofnun Íslands. Vetrarfuglatalningar. <http://www.ni.is/greinar/vetrarfuglatalningar-nidurstodur>
- 14 Yann Kolbeinsson, Gunnlaugur Þráinsson og Gunnlaugur Pétursson 2001. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1998. Bliki 22: 21-46.
- 15 J. Fisher 1952. The Fulmar.-Collins, London. 496 bls.
- 16 Friðrik Sigurbjörnsson 1941. Óbirtar dagbækur og bréf.
- 17 Finnur Guðmundsson 1937 og 1953. Óbirtar dagbækur
- 18 Þorsteinn Einarsson 1990. Óbirt bréf til höfundar.
- 19 Kristinn H. Skarphéðinsson. Persónulegar upplýsingar
- 20 Ævar Petersen 1974-1989. Óbirtar dagbækur.
- 21 Arnþór Garðarsson, Kristján Lillendahl & Guðmundur A. Guðmundsson 2019. Fýlabyggðir á Íslandi 2013-2015. – Bliki 33: 1-14.
- 22 Arnþór Garðarsson 1974. Fuglaathugannir í Hvalfirði, Borgarfirði og Hraunfirði. Líffræðistofnun Háskólans, Fylgiskjal nr. 9 (með heimild nr. 123)
- 23 Óskar Páll Sveinsson 2008-2009. Munnl. uppl.
- 24 Ólafur Helgi Ólafsson. Munnl. uppl.
- 25 Arnþór Garðarsson & Ævar Pedersen 2009. Íslenski toppskarfsstofninn. – Bliki 30: 9-25.
- 26 Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1984. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1982. - Bliki 3: 15-44.
- 27 Jón E Guðmundsson 2009. Munnl. uppl.
- 28 Sigurþór Gíslason & Sigurbjörg Ólafsdóttir 1990. Munnl. uppl.
- 29 Guðmundur Magnússon 2007. Munnl. uppl.
- 30 Hermann Ingólfsson 2006. Munnl. uppl.
- 31 Elías Kristinsson 2007. Munnl. uppl.
- 32 Ómar Runólfsson 2007. Munnl. uppl.
- 33 Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1989: Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1987. - Bliki 8: 15-46
- 34 Anna Björg Sveinsdóttir 2008. Munnl. uppl.
- 35 Björn Jónsson 2008. Munnl. uppl.
- 36 Ólafur Þór Ólafsson 1989. Munnlegar upplýsingar
- 37 Óskar Páll Sveinsson 2009. Munnl. uppl.
- 38 Ólafur Einarsson. Munnl. uppl.
- 39 Árni Waag. Spjaldskrá NÍ
- 40 Ævar Petersen 1998. Íslenskir fuglar. Vaka Helgafell.
- 41 Guðbrandur Hannesson: Munnlegar upplýsingar.
- 42 Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1981 og '87. Óbirtar dagbækur
- 43 GooseNews. Issue no. 2 Autumn 2003. The Wildfowl & Wetlands Trust.
- 44 I.S. Francis & A.D. Fox 1987. Spring migration of Greenland White-fronted Geese through Iceland. Wildfowl 38 (1987): 7-12.

- 45 Björgvin Sigurbergsson 2012-2019. Munnl. uppl.
- 46 Morrison, R.I.G. 1971. Cambridge – London Iceland Expedition 1970. Cambridge. Fjölrituð skýrsla.
- 47 Gunnlaugur Þráinsson, Yann Kolbeinsson & Gunnlaugur Pétursson 2011. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2007.
– Bliki 31: 41-64
- 48 Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 1997. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1995.
– Bliki 18: 23-50
- 49 Gunnar Þ. Hallgrímsson 2005: Kynblendingur grágæsar og helsingja kemst á legg. Bliki 26: 70
- 50 Guðmundur A Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage 2008. Margæsarbeiti í túnnum.
Bliki 29: 53-58.
- 51 Arnþór Garðarsson & Guðmundur A. Guðmundsson 1996. Numbers of Light-bellied Brent Geese *Branta bernicla* hrota stagling in Iceland in spring. – Wildfowl 47.: 62-66
- 52 Ágústa Óskarsdóttir 2019. Fésbók.
- 53 Yan Kolbeinsson, Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 2006. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2003. – Bliki 27: 27-50
- 54 Yann Kolbeinsson, Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 2007. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2004. – Bliki 28: 25-50
- 55 Kristinn H. Skarphéðinsson & Einar Þorleifsson 1998. Keldusvín – útdauður varpfugl á Íslandi. Bls. 266-296 í Kvískerjabók. Sýslusafn Austur-Skaftafellssýslu.
- 56 Jón Einar Jónsson 1999. Skrifl. uppl.
- 57 Tómas G. Gunnarsson 2005. Skrifl. uppl.
- 58 Einar Ó Þorleifsson. (?) - 2008
- 59 Yan Kolbeinsson, Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 2003. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2000.
– Bliki 24: 25-52
- 60 Gunnlaugur Þráinsson, Yan Kolbeinsson & Gunnlaugur Pétursson 2013. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2008. – Bliki 32: 11-30
- 61 Gunnlaugur Pétursson og Gunnlaugur Þráinsson 1999. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi fyrir 1981. Fjölrit Ní 37.
- 62 Jónas Jónsson 2001; Skrá um varpjarðir á Íslandi; í Æðarfugl og æðarrækt á Íslandi. Ritst. Jónas Jónsson. Æðarræktarfélag Íslands
- 63 Halldór Gíslason 1984. Munnl. uppl.
- 64 Gísli Ö. Gíslason 1990. Munnl. uppl.
- 65 Gunnar Helgason 2009-2019. Munnl. uppl.
- 66 Ævar Petersen & Karl Skýrnisson 2001. Lifnaðarhættir æðarfugls á Íslandi; í Æðarfugl og æðarrækt á Íslandi. Ritst. Jónas Jónsson. Æðarræktarfélag Íslands
- 67 Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1989: Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1986. - Bliki 7: 23-48
- 68 Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson & Erling Ólafsson 1992. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1990.
– Bliki 12: 15-54
- 69 Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 1998. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1996. - Bliki 19: 23-48
- 70 Yann Kolbeinsson & Gunnlaugur Pétursson 2013. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2009. – Bliki 32: 37-56
- 71 Yann Kolbeinsson, Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 2008. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2005.
– Bliki 29: 23-44
- 72 Kristbjörn Egilsson o.fl. 1998. Náttúrufar í Hvammi og Hvammsvík, Kjós. Náttúrufræðistofnun Íslands – unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.
- 73 Björn Hjaltason 2004. Straumendur á vatnasviði Bugðu og Laxár í Kjós. - Bliki 25: 49-60
- 74 Arnþór Garðarsson & Þorkell L. Þórarinnsson 2003. Veturseta straumanda á Suðvesturlandi. - Bliki 23: 1-4
- 75 Gunnlaugur Pétursson & Kristinn H. Skarphéðinsson 1983. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1981. – Bliki 1: 17-39
- 76 Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1985. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1983. – Bliki 4: 13-39
- 77 Gunnlaugur Þráinsson, Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1995. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1994.
– Bliki 16: 11-45
- 78 Ómar Runólfsson 2016. Fésbók.
- 79 Björn Guðbrandsson. Óbirtar dagbækur.
- 80 Ólafur K. Nielsen 1991. Munnl. uppl.
- 81 Friðrik Sigurbjörnsson 1941. Bréf til Náttúrugripasafnsins í Reykjavík.
- 82 Friðrik Sigurbjörnsson 1941. Óbirt dagbók.

- 83 Skógræktarfélag Íslands 2016. ?
- 84 Guðmundur A. Guðmundsson 1992. Flight and migration strategies of birds at polar latitudes. Lund University, Sweden
- 85 Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson & Erling Ólafsson 1992. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1989. Bliki 11: 31-63
- 86 Jóhann Óli Hilmarsson 2019. Sjaldgæfir varpfuglar á Íslandi. Fuglar 12: 14-17
- 87 Gunnlaugur Þráinsson, Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1994. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1992. - Bliki 14: 17-48
- 88 Yann Kolbeinsson 2019. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2010. – Bliki 33: 15-34
- 89 Arnþór Garðarsson 1956. Stormmáfur, nýr varpfugl á Íslandi. Náttúrufræðingurinn 26 árg. 2 hefti – bls. 87-93
- 90 Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson & Svenja N.V. Auhage 2016. Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Náttúrufræðistofnun Íslands, fjölrit nr. 55
- 91 Finnur Guðmundsson 1955. Íslenskir fuglar XII Sílamáfur (*Larus fuscus*). Náttúrufræðingurinn 25. árgangur, 4. hefti – bls. 215-224
- 92 Gunnar Þór Hallgrímsson og Páll Hersteinsson 2011. Spatial contraction in a large gull colony in relation to the position of Arctic Fox dens. European Journal of Wildlife Research 58: 441–450.
- 93 Agnar Ingólfsson 1976. The feeding habits of Great Black-backed Gulls, *Larus marinus*, and Glaucous Gulls *L. hyperboreus*, in Iceland. Acta Naturalia Islandica 24. Náttúrufræðistofnun Íslands.
- 94 Morrison, R.I.G. & Wilson, J.R. 1992. Observation of Knot migration in Iceland 1970-1971. Wader Study Group Bulletin 64: 101-109.
- 95 Ævar Petersen, Sverrir Thorstensen & Böðvar Þórisson 2014. Útbreiðsla og breytingar á fjölda hvítmáfa á Íslandi. Náttúrufræðingurinn 84: 153–163.
- 96 Jón Sigvaldason frá Útkoti (f. 1929) 2019. Munnlegar upplýsingar.
- 97 Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. Válisti 2: fuglar. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.
- 98 Arnþór Garðarsson, Guðmundur A. Guðmundsson og Kristján Lilliendahl 2013. Framvinda íslenskra ritubyggða. Bliki 32: 1–10.
- 99 Arnþór Garðarsson 1996. Ritubyggðir. Bliki 17: 1-16
- 100 Gunnlaugur Þráinsson, Gunnlaugur Pétursson & Yann Kolbeinsson 2009. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2006. Bliki 30: 27-46
- 101 Yann Kolbeinsson & Aðalsteinn Ö. Steinþórsson 2019. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2011. Bliki 33: 47-68
- 102 Yann Kolbeinsson, Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 2006. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2003. Bliki: 27-50
- 103 Skarphéðinn Þórisson 1981: Landnám, útbreiðsla og stofnstærð stara á Íslandi. Náttúrufr. 51:145-463.
- 104 Haukur Þorvaldsson – munnl. uppl.
- 105 Yann Kolbeinsson Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 2004: Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2001. Bliki 25: 25-48
- 106 Edward A. Armstrong 1950. The behaviour and breeding biology of the Iceland Wren. Ibis 92: 384-401
- 107 Yann Kolbeinsson Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 2005: Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2002. Bliki 26: 21-46
- 108 Róbert A. Stefánsson Sigrún Bjarnadóttir 2005 Útbreiðsla glókolls á Vesturlandi. Bliki 26: 5-9.
- 109 Ólafur Oddsson 2010-2018. Munnl. upplýsingar.
- 110 Arnar Helgason 2014. Munnl. upplýsingar.
- 111 Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson 1988: Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1985. Bliki 6: 33-68
- 112 Einar Þorleifsson 2007-2015. Munnlegar Upplýsingar.
- 113 Jóhann Óli Hilmarsson 2011. Sjaldgæfir varpfuglar á Íslandi. Fuglar 8: 16-19
- 114 Yann Kolbeinsson, Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 2003. Sjaldgæfir fuglar Á Íslandi 2000. Bliki 24: 25-51
- 115 Árni Magnússon & Páll Vídalín 192-’24. Jarðabók 3. Bindi [Gull. Kjós.]. – Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn. 468 bls.
- 116 Yann Kolbeinsson 2007. Rafpóstur [Þröngi hópurinn, tölvupóstlisti fuglaáhugamanna].
- 117 Arnþór Garðarsson 1989. Óbirt.
- 118 Erpur Snær Hannsen 2020. Skrifl. uppl. 17.01’20.

- 119 A.D. Fox , J.Ó. Hilmarsson , Ó. Einarsson , A.J. Walsh , H. Boyd & J.N. Kristiansen (2002). Staging site fidelity of Greenland White-fronted Geese *Anser albifrons flavirostris* in Iceland, Bird Study, 49:1, 42-49
- 120 Einar Þorleifsson 2009. Grunnafjörður og Blautós. Fuglar 6: : 8
- 121 Agnar Ingólfsson & Arnþór Garðarsson 1975. Forkönnun á lífríki Laxárvogs, Álftafjarðar og Önundarfjarðar. Líffræðistofnun Háskólana: Fjölrit nr. 4
- 122 Arnþór Garðarsson & Guðmundur A. Guðmundsson 1991. Yfirlit um gildi einstakra fjörusvæða fyrir vaðfugla. Óbirt skýrsla.
- 123 Agnar Ingólfsson & Svend-Aage Malmberg 1974. Vistfræðilegar rannsóknir í Hvalfirði, Borgarfirði og Hraunfirði. Líffræðistofnun Háskólans: Fjölrit nr. 3
- 124 Þóra Hrafnadóttir, Kristín Harðardóttir, Stefán M. Stefánsson, Haraldur R. Ingvason & Finnur Ingimarsson 2015. Grunnrannsókn á lífríki Meðalfellsvatns árið 2014. Náttúrufræðistofa Kópavogs. Fjölrit nr. 2-15
- 125 Jón Gíslason 2010. Munnleg heimild.
- 126 Bengtson, S.-A. 1972. Breeding ecology of the Harlequin Duck *Histrionicus histrionicus* (L.) in Iceland. – Ornis Scand. 3: 1-19.
- 127 Kristinn H. Skarphéðinsson 2013. Haförninn. Fuglaverndarfélag Íslands.
- 128 Yann Kolbeinsson 2005. Rafpóstur – Þröngi hópurinn, tölvupóstlisti fuglaáhugamanna.